



DALVÍKURBYGGÐ

2017

Starfsáætlun fræðslu- og menningarsviðs

VIRÐING – JÁKVÆÐNI - METNAÐUR

VIRÐING
JÁKVÆÐNI
METNAÐUR

Abyrgðarmenn: Hlynur Sigursveinsson sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og stjórnendur stofnana
Ritstjóri: Dóróþea Guðrún Reimarsdóttir
Myndir: Ýmsir starfsmenn innan stofnananna
Afgreitt í sveitarstjórn í október 2016

Efnisyfirlit


Skipurit fræðslu- og menningarsviðs.....	5
Skrifstofa fræðslu- og menningarmála.....	6
Leiðarljós.....	6
Hlutverk.....	6
Helstu verkefni 2017.....	7
Sameiginleg verkefni.....	7
Verkefni fræðslumála.....	7
Verkefni menningarmála.....	8
Verkefni íþróttá- og æskulýðsmála.....	9
Yfirlit yfir 2016.....	9
Sameiginleg verkefni.....	9
Verkefni fræðslumála.....	10
Verkefni menningarmála.....	10
Verkefni íþróttá- og æskulýðsmála 2016.....	10
Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni.....	11
Dalvíkurskóli.....	12
Leiðarljós.....	12
Hlutverk.....	12
Helstu verkefni 2017.....	12
Yfirlit yfir 2016.....	14
Innra starf.....	15
Upplýsingaflæði.....	16
Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni.....	17
Lykiltölur.....	18
Dalvíkurskóli – Frístund.....	19
Leiðarljós.....	19
Hlutverk.....	19
Helstu verkefni 2017.....	19
Yfirlit yfir 2016.....	19
Innra starf.....	20
Upplýsingaflæði.....	20
Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni.....	20

Lykiltölur	20
Krílakot	21
Leiðarljós	21
Hlutverk	21
Helstu verkefni 2017	22
Yfirlit yfir 2016	23
Innra starf	25
Upplýsingaflæði	26
Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni	27
Lykiltölur	28
Árskógarskóli	29
Leiðarljós	29
Hlutverk	29
Helstu verkefni 2017	30
Yfirlit yfir 2016	30
Innra starf	31
Upplýsingaflæði	33
Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni	33
Lykiltölur	34
Tónlistarskólinn á Tröllaskaga	35
Leiðarljós	35
Hlutverk	35
Helstu verkefni 2016-2017	35
Yfirlit yfir 2015-2016	36
Innra starf	36
Upplýsingaflæði	37
Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni	37
Lykiltölur	38
Byggðasafnið Hvoll	39
Leiðarljós	39
Hlutverk	39
Helstu verkefni 2017	39
Yfirlit yfir 2016	40
Innra starf	41

Upplýsingaflæði.....	41
Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni	42
Lykiltölur	42
Bókasafn Dalvíkurbyggðar	43
Leiðarljós	43
Hlutverk	43
Helstu verkefni 2017	43
Yfirlit yfir 2016	44
Innra starf	45
Upplýsingaflæði.....	45
Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni	46
Lykiltölur	46
Héraðsskjalasafn.....	47
Leiðarljós	47
Hlutverk	47
Helstu verkefni 2017	48
Yfirlit yfir 2016	48
Innra starf	49
Upplýsingaflæði.....	49
Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni	50
Lykiltölur	50
Víkurröst – frístundahús/Barna og unglingsstarf - félagsmiðstöð	51
Leiðarljós	51
Hlutverk barna- og unglingsstarfs	51
Helstu verkefni 2017	51
Yfirlit yfir 2016	52
Innra starf	53
Upplýsingaflæði.....	53
Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni	54
Lykiltölur	54
Íþróttamiðstöð Dalvíkurbyggðar	55
Leiðarljós	55
Hlutverk	55
Helstu verkefni 2017	56

Yfirlit yfir 2016	56
Innra starf	56
Upplýsingaflæði	57
Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni	57
Lykiltölur	57
Tjaldstæði Dalvíkur	58
Hlutverk	58
Helstu verkefni 2017	58
Yfirlit yfir 2016	58
Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni	58
Árskógur-félagsheimili	59
Hlutverk	59
Helstu verkefni 2017	59
Yfirlit yfir 2016	59
Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni	59
Vinnuskóli	60
Hlutverk	60
Helstu verkefni 2017	60
Yfirlit yfir 2016	60
Innra starf	60
Upplýsingaflæði	60
Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni	61
Lykiltölur	61
Gildi fræðslu- og menningarsviðs	62

Skipurit fræðslu- og menningar sviðs



Skrifstofa fræðslu- og menningarmála

Leiðarljós

Metnaður – Jákvæðni - Virðing

Að Dalvíkurbyggð sé öflugt lærdómssamfélag þar sem allir hafa tækifæri til aukins þroska og menntunar auk þess sem fordómar þrífast þar illa. Að menningarlíf sé blómlegt og byggi á þeim grunni og mannauði sem íbúar sveitarfélagsins mynda. Ungir sem aldnir hafi tækifæri til þátttöku og grasrótastarf sé öflugt. Að lýðheilsa sé í forgrunni í öllum ákvörðunum og metnaður sveitarfélagsins fyrir uppbyggandi frístundum og fagstarfi sé mikill.

Hlutverk

Hlutverk skrifstofu fræðslu- og menningarsviðs er margþætt en skrifstofan fer með málefni fræðslu-, menningar-, íþróttá- og æskulýðsmála sem og tjaldsvæðis. Fagráðin sem starfa með skrifstofunni eru fræðsluráð, menningarráð, íþróttá- og æskulýðsráð og byggðaráð þegar við á. Yfirmaður sviðsins er sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs. Hann situr m.a. í framkvæmdastjórn, stjórnarsýslunefnd og tölvunefnd sveitarfélagsins. Aðrir starfsmenn skrifstofunnar eru íþróttá- og æskulýðsfulltrúi og kennsluráðgjafi.

Hlutverk skrifstofunnar er að koma ákvörðunum fræðsluráðs, menningarráðs og íþróttá- og æskulýðsráðs í framkvæmd. Skrifstofan hefur frumkvæði að stefnumótun þegar við á og tekur þátt í stefnumótunavinnu með stofnunum sviðsins. Hún stuðlar að því með þeim úrræðum sem hún hefur, að hver stofnun verði framúrskarandi á sínu sviði. Skrifstofan veitir stjórnendum, starfsmönnum og þegar við á íþróttafélögum stuðning við margvísleg verkefni, s.s. starfsmannamál, fjármál og styrkumsóknir. Hún veitir nemendum og foreldrum/-forráðamönnum ráðgjöf þegar eftir því er leitað. Skrifstofan hefur einnig eftirlitshlutverki að gegna og sinnir eftirliti og ytra mati með stofnunum og skólum. Hlutverk hennar er m.a. að stuðla að því að börn í sveitarfélaginu fái góða þjónustu, hvort sem snýr að kennslu eða frístundum, og að allir íbúar og gestir hafi fjölbreytt tækifæri til frístundaiðkunar. Skrifstofan stuðlar af því að blómlegt menningarlíf sé í boði fyrir íbúa og gesti sveitarfélagsins og að grasrótastarfsemi dafni. Skrifstofan gerir fjölda samninga árlega bæði við verktaka, samstarfsaðila og styrkþega. Skrifstofan skal fylgja eftir að fjármunum sviðsins sé varið á skilvirkan hátt og nýting þeirra stuðli að framþróun og háu þjónustustigi. Starfsfólk skrifstofunnar er í miklum samskiptum við fjölda aðila og leggur sig fram um að veita góða þjónustu í starfi sínu.

Helstu verkefni 2017

Sameiginleg verkefni

Með sameiginlegum verkefnum er átt við verkefni sem unnin eru þvert á málaflokka sviðsins eða í samvinnu við önnur svið veturinn 2016-2017.

- Innleiðing á verkefninu *Heilsueflandi Dalvíkurbyggð* heldur áfram. Megin áhersla verður á *velliðan* en áfram verður unnið með stofnunum og samfélaginu að heildrænum breytingum til góðs.
- Unnið að og sótt um jafnlaunavottun.
- Sérstök áhersla á hvetjandi umhverfi fyrir starfsmenn um að miðla þekkingu sinni og rýna starf sitt til gagns.
- Áframhaldandi innleiðing á alhliða stjórnendamati.
- Sameiginlegur starfsdagur allra starfsmanna Dalvíkurbyggðar.
- Leitað leiða til frekara samtals við íbúa sveitarfélagsins um stærri málefni.
- Farið verður yfir öryggi upplýsingakerfa og rafrænna gagna. Fræðsla á því sviði verður skoðuð.
- Stefnt er að frekari samræmingu á ræstingum hjá stofnunum sveitarfélagsins liggja fyrir árið 2017.
- Áhættumati, sem á að liggja fyrir varðandi allar stofnanir, fylgt eftir.
- Fylgt eftir að notkun á Bakverði sé í samræmi við viðmið.
- Unnið að því markmiði að allir starfsmenn eigi gilda símenntunaráætlun í lok árs.

Verkefni fræðslumála

Með sérstökum verkefnum fræðslumála er átt við verkefni sem eru ekki venjubundin heldur sérstök áhersluverkefni í skólamálum veturinn 2016-2017.

- Áfram verður unnið að eflingu læsis í leik- og grunnskólunum í tengslum við *Þjóðarsáttmála um læsi*.
- Gerð verður heildræn lestrarstefna fyrir sveitarfélagið með stuðningi læsisráðgjafa Menntamálastofnunar og með hliðsjón af læsisstefnu sem verið er að vinna fyrir Eyjafjarðarsvæðið undir forystu Akureyrar.
- Áframhaldandi þátttaka og eftirfylgni við vinnu starfshóps um bættan námsárangur í Dalvíkurskóla. Kennsluráðgjafi mun ásamt skólastjóra halda utan um vinnu starfshópsins og verkefni henni tengdri. Lögð verður áhersla á að áætlun um foreldrasamstarf sem gerð var s.l. skólaár verði fylgt eftir og að markvisst verði unnið að bættri námstækni nemenda. Einnig að markmiðasetning námsgreina verði nýtt við gerð kennsluáætlana sem og að námsmatsáætlun verði tilbúin.
- Skólarnir studdir við að gera innra matið ennþá betra og markmvissara. Vinna þarf áætlun til næstu þriggja ára.
- Eftirfylgni með að skólarnir fylgi skólastefnu sveitarfélagsins en innleiðingartímabili hennar er nú lokið.

- Þátttaka í endurskoðun á Fjölmenningsstefnu sveitarfélagsins og kynningu á henni að endurskoðun lokinni.
- Eftirfylgni með því litla sem ennþá er ekki komið til framkvæmda af umbótum vegna ytra mats Mennta- og menningarmálaráðuneytisins á Dalvíkurskóla haustið 2014.
- Kennsluráðgjafi styður við verkefnið „Byrgjum brunninn“ sem leggur áherslu á snemmtæka íhlutun við upphaf skólagöngu.
- Stuðningur við innleiðingu lestrar- og stærðfræði *PALS* í grunnskólunum og *K-PALS* í leikskólunum.
- Stuðningur við Tónlistarskólann á Tröllaskaga að ná að uppfylla markmið til að geta flaggað *Grænfána* vorið 2018.
- Framkvæmt verður ytra mat á skólunum samkvæmt áætlun, sérstök áhersla á heimsóknir í kennslustundir.
- Áframhaldandi þróun skólaathugana í grunnskóla og leikskóla, heimsókna í kennslustundir og kennsluráðgjöf þeim tengdum.
- Mánaðarlegar heimsóknir kennsluráðgjafa í Árskógarskóla.
- Kennsluráðgjafi hittir öll kennarateymi Dalvíkurskóla einu sinni til tvisvar á önn. Önnur kennsluráðgjöf verður eftir samkomulagi.
- Eftirfylgni við áframhaldandi innleiðingu á teymiskennslu í Dalvíkurskóla.
- Eftirfylgni með að gerð verði námsáætlun í upplýsingatækni fyrir Dalvíkurskóla.
- Fyrirlögn og úrvinnsla GRP14 í 9. bekk Dalvíkurskóla. Tilraun gerð til að nýta stafsetningarhluta GRP14 en nota niðurstöður lestrarmatsins *Lesferils* frá Menntamálastofnun að öðru leyti sem skimun fyrir lestrarörðugleikum.
- Kennsluráðgjafi leggur lesgreiningarprófið LOGOS fyrir nokkra nemendur í 10. bekk.
- Rýning, eftirfylgni og þátttaka í úrvinnslu samræmdra prófa og úrbótaáætlana í kjölfar þeirra.
- Endurmat á framtíðarhorfum Árskógarskóla.
- Stuðningur við aukið samstarf Krílakots og Dalvíkurskóla.
- Eftirfylgni með að samstarf komis á milli Tónlistarskólans á Tröllaskaga og leikskólanna Krílakots og Kötlukots.
- Eftirfylgni skólaskrifstofu með að námskrár og starfsáætlanir skólanna séu í takt við aðalnámskrá. Ef ekki þarf að uppfylla markmið aðalnámskrár í þeim efnum.
- Útboð á skólaakstri, hádegisverði og morgunmat í skólum.
- Aukið verði við snemmtæka íhlutun á Krílakoti.
- Áfram verði fylgst með þróun á sviði talmeinaþjónustu í landinu.
- Fundin verði lausn á að bæta sálfræðiþjónustu við skólana.

Verkefni menningarmála

Með sérstökum verkefnum menningarmála er átt við verkefni sem eru ekki venjubundin heldur sérstök áhersluverkefni í menningarmálum.

- Undirritun á nýjum samningi við Bakkabræðrasetur um afnot á Ungó.
- Undirritun á nýjum samningi við Leikfélag Dalvíkur til fjögurra ára.

- Þátttaka í að virkja samstarf menningarfulltrúa á svæðinu og að íbúar sæki í auknum mæli í Menningarsjóð Eypings sem nú er með breyttu sniði.
- Farið verður yfir úthlutunarreglur Menningarsjóðs Dalvíkurbyggðar í upphafi árs og auglýst eftir umsóknum í framhaldinu.
- Hátíðardagskrá á 17. júní verður í áframhaldi þróun.

Verkefni íþróttá- og æskulýðsmála

- Starf forstöðumanns Víkurrastar lagt niður og íþróttá- og æskulýðsfulltrúi tekur yfir rekstur og stjórnun Víkurrastar.
- Unnið að því að Víkurröst verði rekið sem alhliða félagsmiðstöð og tónlistarskóli.
- Vinnuhandbók í sundlaug verður endurmetin í ljósi reynslu og uppfærð eftir þörfum.
- Velferðarsjóður barna verður kynntur, bæði styrkveitingar og sá möguleiki að einstaklingar og fyrirtæki komi með framlög inn í sjóðinn.
- Eftirfylgni verður með styrktarsamningum við íþróttafélögin.
- Lokahnykkur verður á innleiðingu á frístundakerfinu. M.a. verður fest í sessi að nota skýrslur sem kerfið býður upp á og þær lagðar reglulega fyrir íþróttá- og æskulýðsráð. Meta þarf út frá reynslu hversu há hvatagreiðsla getur orðið á einstakling.
- Áfram verður leitað leiða til að fjölga reglulegum viðskiptavinum í líkamsrækt.
- Stefnt er á að framkvæmdir við sundlaug hefjist á árinu 2017 en þeim var frestað árið 2016.
- Unnið verður að endurnýjun líkamsræktartækja í tækjarými íþróttamiðstöðvar.
- Unnið verður að bæklingi um sumarstarf 2017 og að upplýsingar fyrir vetrarstarf verði teknar saman í sambærilegan bækling, en eingöngu gefinn út á rafrænu formi.
- Áfram verður unnið að því að koma viðhaldsmálum fasteigna í skipulegra form í samstarfi við umhverfis- og tæknisvið.
- Halda þarf áfram að gera gildi sviðsins sýnileg.
- Haldið verður áfram að vinna eftir viðhaldsáætlun vinnuhóps um uppbyggingu vallarsvæðis UMFS.
- Haldið áfram að styrkja og kynna starfsemi og hlutverk ungmennaráðs.

Yfirlit yfir 2016

(Teygist frá því síðasta starfsáætlun var gerð)

Sameiginleg verkefni

- Nýr sviðsstjóri og kennsluráðgjafi sóttu árlegan vofund Grunns sem haldinn var dagana 18. – 20. maí s.l.
- Undirritaður var samningur milli Tónlistarskóla Dalvíkurbyggðar og Tónskóla Fjallabyggðar um sameiningu tónlistarskólanna undir nafninu Tónlistarskólinn á Tröllaskaga.
- Ýmis vinna í tengslum við verkefnið *Heilsueflandi samfélag* s.s. kynning á verkefninu, Heilsueflandi sumar í Dalvíkurbyggð og þátttaka í Move week.

- Stjórnendur og starfsmenn sviðsins fóru í heimsókn í Skagafjörð þar sem þeir fundu með kollegum sínum og fengu kynningu á starfsemi fræðslu-, íþróttu-, og menningarmála í Skagafirði.
- Haldinn var starfsdagur fyrir alla starfsmenn Dalvíkurbyggðar þar sem áhersla var lögð á þjónustu. Dagurinn heppnaðist afar vel.
- Framkvæmdum við stækkun Krílakots lokið og sameinaður leikskóli hóf starfsemi í ágúst s.l.
- Rafræn könnun var lögð fyrir starfsfólk sviðsins en spurt var um líðan, stjórnun, upplýsingaflæði, starfsanda og fleira. Könnunin er liður í ytra mati á sviðinu.
- Starfsmönnum var boðið upp á heilsufarsskoðun og jafnframt ákveðið að hún stæði starfsmönnum Dalvíkurbyggðar til boða annað hvert ár.
- Ungmennaráð sótti vinabæjarmót í Lundi í júní s.l.
- Kennsluráðgjafi sótti norræna ráðstefnu um sérkennslu sem haldin var í Reykjavík í september 2016.

Verkefni fræðslumála

- Vinnuhópur um eflingu og framtíð Árskógarskóla var settur á laggirnar. Niðurstaða þeirrar vinnu var að skólinn yrði skilgreindur sem grunnskóli fyrri 1. – 4. bekk skólaárið 2016/2017.
- Stuðningur við *Logos* lestrargreininar í Dalvíkurskóla en kennsluráðgjafi lagði prófið fyrir tæplega 20 nemendur 10. bekkjar og vann skýrslur út frá niðurstöðum.
- Eftirfylgni var við reglur um leyfisveitingar starfsmanna grunnskóla.
- Stuðningur vegna styrkumsókna skólanna, m.a. í tengslum við *PALS* og *Comenius*.
- Eftirfylgni við innleiðingu á teymiskennslu í Dalvíkurskóla.
- Áframhaldandi samstarf við skólastjórnendur í Fjallabyggð. Meðal annars funduðu skólastjórar Dalvíkurbyggðar og Fjallabyggðar mánaðarlega með fræðsluskrifstofu.
- Skýrsla um ytra mat á skólum sveitarfélagsins var í þriðja skipti unnin yfir veturinn og birt fræðsluráði í júní.
- Þátttaka í verkefni Mennta- og menningarmálaráðuneytisins, *Þjóðarsáttmáli um læsi*.

Verkefni menningarmála

- Eftirfylgni var vegna samnings við Menningarfélagið Berg.
- Í vinnslu er endurnýjun á samningi við Bakkabræðrasetur um afnot á aðstöðu í Ungó.
- Úthlutað var úr Menningarsjóði til 7 verkefna, eftirfylgni fór fram og aðstoð við verkefnin.
- Styrktarsamningur við Leikfélag Dalvíkur var framlengdur til fjögurra ára.
- Farið var yfir hátíðardagskrá 17. júní og áfram unnið að hugmyndum um áherslubreytingar.

Verkefni íþróttu- og æskulýðsmála 2016

- Skrifað var undir styrktarsamninga við íþróttafélög í Dalvíkurbyggð til næstu fjögurra ára.

- Vorfundur íþróttá- og æskulýðsráðs 2016 haldinn í Árskógi
- Afhentir voru styrkir úr afreks- og styrktarsjóði.
- Verkefnið *Heilsueflandi samfélag* kláraði sitt annað ár, þar sem áherslan var á *næringu*. Við tekur áhersla á almenna líðan haustið 2016.
- Vinnuskóli fékk níu manna bíl árið 2015 og hefur hann nýst vel við flutning á fólki, sérstaklega í tengslum við nemendur á Árskógsströnd. Eignasjóður keypti bílinn og mun tónlistarskólinn áfram hafa afnot af bílnum yfir vetrarmánuðina. Gerður var afnotasamningur milli tónlistarskóla og vinnuskóla.
- Skoðað verður með hvaða hætti hægt verður að koma Sundskála Svarfdæla í rekstur.
- Fundað var með öllum íþróttafélögum. Reikniregla sett en m.a. er og verður notast við upplýsingar úr Nóra (ÆskuRækt) við úthlutun.
- Unnið er samkvæmt endurnýjunaráætlun 2016 á líkamsræktartækjum í íþróttamiðstöð.
- Haldið var leikjanámskeið yfir sumartímann.

Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni

Viðhald á íþróttamiðstöð (sundlaug) mun hefjast á fyrri hluta árs 2017 og jafnframt verður ráðist í endurnýjun á tækjakosti í tækjarými íþróttamiðstöðvar.

Dalvíkurskóli

Leiðarljós

Þekking og færni – virðing og vellíðan eru einkunnarorð skólans og er lagt upp með þau í öllu starfinu. Megináhersla er lögð á að nemandinn útskrifist úr grunnskóla sem sjálfstæður, hugrakkur, lífsglaður, jákvæður, fær og fróður einstaklingur. Skólinn leggur áherslu á að nemendur læri á sínum forsendum.

Hlutverk

Dalvíkurskóli vinnur eftir lögum um grunnskóla frá 2008, Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 og Skólastefnu Dalvíkurbyggðar. Grunnskólinn er undirbúningur einstaklingsins fyrir frekara nám og til að takast á við lífið. Áhersla er lögð á að auka sjálfstraust nemenda svo þeir þroski með sér frumkvæði, áræðni og sköpunarkraft til að takast á við sibreytilegar aðstæður í framtíðinni. Nauðsynlegt að hver nemandi fái tækifæri til að nýta hæfni sína og áhugasvið svo hann megi sem best þroskast og dafna og ná góðum árangri í námi.

Helstu verkefni 2017

- Áfram unnið markvisst að bættum námsárangri í Dalvíkurskóla í samvinnu við fræðslusvið Dalvíkurbyggðar. Stýrihópur um bættan námsárangur, sem stofnaður var á vordögum 2015 heldur áfram störfum. Fundir eru hálfsmánaðarlega og fundargerðir skráðar. Hópurinn ákveður forgangsverkefni og kemur upplýsingum þar að lútandi til teyma skólans sem vinna að því að koma þeim í framkvæmd í skólastarfinu. Starfshópurinn mun starfa næstu tvö ár.

- Unnið verður að endurskoðun á læsisstefnu Dalvíkurskóla í samvinnu við fræðslusvið samhliða gerð læsisstefnu fyrir undirstofnanir sviðsins. Mun Dóróþea Reimarsdóttir kennsluráðgjafi



stýra þeirri vinnu í samvinnu við stjórnendur og læsisteymi skólans.

- Markvisst verður unnið að því að markmiðasetning námsgreina, sem unnin var á síðasta skólaári, skili sér inn í námsáætlanir kennara. Samræmt eyðublað kennslu-áætlana notað.
- Kennsluráðgjafi fundar með teyllum kennara í Dalvíkurskóla a.m.k. einu sinni á önn en oftár eftir þörfum.
- Kennarar eiga að gera markmið kennslustundar sýnileg á töflu í kennslustofu.
- Haldið verður áfram með þróun teymiskennslu í skólanum sem hefur gengið mjög vel.
- Áfram verður unnið að þróun upplýsingatækni í skólastarfinu. Skólinn verður áfram í samstarfi við skóla á Eyjarfjarðarsvæðinu. Skipulagðar verða 6 menntabúðir á skólaárinu. Auk þess verður starfandi stýrihópur um upplýsingatækni.
- Haldið verður áfram að innleiða lestrar – PALS í yngri bekkjum skólans.
- Skimunarpróf í læsi frá MMS, sem bera heitið *Lesferill*, verða tekin í notkun og niðurstöður þeirra nýttar í þágu nemenda líkt og gert hefur verið í *Byrgjum brunninn*.
- Samvinna við eldri borgara sem hófst á síðasta skólaári mun halda áfram sem og þátttaka nemenda í skipulögðum lestrarsprettum.
- Haldið verður áfram að vinna að innleiðingu LAP (fjölmennningarverkefni) í yngstu bekki grunnskólans í samvinnu við leikskólann Krílakot. Þetta er seinna árið í tveggja ára þróunarverkefni sem styrkt er af Sprotasjóði.
- Haldið verður áfram að efla nemendalýðræði. *Námsnefnd* skipuð nemendum unglíngastígs og fulltrúum kennara verður skólanum til ráðgjafar og aðhalds um ýmis mál varðandi nám og kennslu. *Námsnefnd* fundar mánaðarlega.
- Unnið verður að umhverfismálum í *Grænfánaverkefninu* og er stefnt að því að flagga *Grænfánanum* í fjórða sinn 2018.
- Haldið verður áfram að vinna að snemmtækri íhlutun í lestri og stærðfræði, *Byrgjum brunninn*, sem hefur skilað góðum árangri.
- Endurskoðun á Fjölmenningarstefnu skóla Dalvíkurbyggðar er í gangi.
- Í skólanum er unnið eftir Uppbyggingarstefnunni og mun verkefnastjóri hitta nýja fólkið og fara yfir hana með þeim.
- Vinnuhópar skipaðir kennurum og skólastjórnendum sem verða starfandi skólaárið 2016– 2017:
 - Eineltisteymi
 - Umhverfisnefnd
 - Læstisteymi
 - Stýrihópur um upplýsingatækni
 - Stýrihópur um innleiðingu LAP í 1.- 4. bekk
 - Uppsetningar- og hönnunarteymi
 - Stýrihópur um innra mat skólans og símenntun
 - Stýrihópur um bættan námsárangur
 - Uppbyggingarstefnuhópur

Yfirlit yfir 2016

- Unnið var markvisst að bættum námsárangri í Dalvíkurskóla í samvinnu við fræðsluvið Dalvíkurbyggðar. Stýrihópur um bættan námsárangur fundaði hálfsmánaðarlega. Skráðar voru fundargerðir og þær birtar fræðsluráði á fundum þess.
- Stýrihópur um bættan námsárangur tók fyrir tilhögun á foreldrasamstarfi, stýrði vinnu við markmiðasetningu námsgreina og á vordögum byrjuðu kennarar að vinna námsmatsáætlanir út frá markmiðasetningunni. Kennsluráðgjafi las markmiðasetningar yfir í sumar og gerði tillögur að breytingum sem kennarar munu gera í vetur samhliða vinnu við kennsluáætlanir.
- Stefna í upplýsingatækni var samþykkt á haustdögum 2015. Unnið var áfram að því að þróa notkun upplýsingatækni í skólastarfinu. Fulltrúar skólans voru duglegir að sækja námskeið og menntabúðir tengdar upplýsingatækni.
- Á síðasta skólaári fékk Dalvíkurskóli styrk úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla til að efla upplýsingatækni í skólastarfinu og vann að því í samstarfi við 3 aðra skóla á Eyjafjarðarsvæðinu. Fræðslan var í formi 8 menntabúða, jafningjafræðslu þar sem kennarar kynntu eitt og annað á þessu sviði sem þeim fannst ástæða til að miðla til annarra. Öllum skólum á Eyjafjarðarsvæðinu var boðið að taka þátt og voru menntabúðirnar vel sóttar.
- Unnið var markvisst eftir framkvæmdaáætlun í umhverfismálum og Dalvíkurskóli flaggaði Grænfánanum í þriðja sinn í vor. Nemendur í 9. bekk fengu viðurkenningu frá Umhverfisráðuneytinu fyrir verkefnið *Varðliðar umhverfisins*.
- Formleg innleiðing grunnþátta menntunar lauk á vordögum með innleiðingu þáttanna *læsi* og *sjálfbærni*. Áfram verður unnið að því að grunnþættirnir séu sem sýnilegastir í skólastarfinu.
- Innleiðing teymiskennslu var haldið áfram. Teymin funduðu formlega einu sinni í viku og oftár eftir þörfum hvers teymis.
- Endurmenntunarsjóður grunnskóla styrkti námskeið í PALS lestrarþjálfunaraðferðinni fyrir 2.-6. bekk sem var haldið í Dalvíkurskóla í janúar. Kennarar úr Fjallabyggð sátu einnig þetta námskeið með okkur. Innleiðing PALS í 2.-6. bekk hófst í kjölfarið og kemur PALS til með að verða sett inn í læsisstefnu skólans þegar hún verður endurskoðuð.



- Allir kennarar unnu kennsluáætlanir fyrir sína námsgrein inn í form sem hefur verið samræmt fyrir skólann. Þær voru aðgengilegar á innra neti skólans. Nánari útfærsla á þeim, vikuáætlanir, voru aðgengilegar á vinnusvæði þeirra.
- Markvisst var unnið eftir úrbótaáætlun sem gerð var í kjölfar niðurstaðna úr ytra mati skólans haustið 2014. Eftirfylgniskýrslum til ráðuneytis var skilað á vordögum og haustið 2016.
- Eftirtaldir vinnuhópar og nefndir skipaðir kennurum og stjórnendum störfuðu skólaárið 2015 – 2016:
 - Stýrihópur um innleiðingu teymiskennlu
 - stýrihópur um þróunarverkefnið „Byrgjum brunninn – árangursríkt nám í upphafi grunnskóla“
 - umhverfisnefnd
 - starfshópur um bættan námsárangur
 - stýrihópur um uppbyggingarstefnuna
 - stýrihópur um innleiðingu grunnþátta aðalnámskrár
 - valgreinanefnd
 - einelsteymi
 - stýrihópur um innleiðingu LAP (fjölmennningarverkefni) í yngstu bekki grunnskólans í samvinnu við leikskólann Kátakot
- Samstarf var við Tónlistarskóla Dalvíkurbyggðar sem sá um tónmenntakennslu í skólanum eins og undanfarin skólaár.
- Til stóð að skólastjórnendur færu meira inn í kennslustofur til að meta kennslu og vera með eftirfylgni. Vegna tímaskorts hjá stjórnendum var einungis setið í kennslustundum hjá nokkrum kennurum.
- Tilraun var gerð með að bjóða upp á hafragraut og einnig ávaxtaáskrift tvo síðustu mánuði skólaársins 2015 – 2016 og var mikil ánægja með það.
- Samstarf var við félag eldri borgara á Dalvík, þar sem þeir komu inn í skólann og hjálpuðu til með lestur á yngri stigum.



Innra starf

- Stýrihópur um bættan námsárangur í Dalvíkurskóla mun halda áfram störfum og funda hálfsmánaðarlega. Fundargerðum er skilað til fræðsluráðs. Hann er skipaður 3

kennurum úr mismunandi teyllum, skólustjóra, deildarstjórum og kennsluráðgjafa á fræðsluviði Dalvíkurbyggðar.

- Á haustönn 2016 ætlar námsrángurshópurinn að leggja megin áherslu á námstækni nemenda og verður það unnið í samráði við náms- og starfsráðgjafa Dalvíkurskóla. Áhersla á lesskilning mun tengjast inn í þessa vinnu.
- Námsrángurshópurinn mun vinna í góðum tengslum við kennarateymi skólans. Kennsluráðgjafi mun sitja a.m.k. einn fund í hverju teymi á hverri önn skólaársins.
- Haldið verður áfram að byggja upp grunn fyrir yngstu börnin í skólanum þar sem snemmtæk íhlutun verður höfð að leiðarljósi bæði í lestri og stærðfræði. Unnið samkvæmt áætlun *Byrgjum brunninn*.
- Unnið verður eftir „*Læsisstefnu*“ Dalvíkurskóla og verður hún endurskoðuð á þessu skólaári samhliða vinnu við læsisstefnu sveitarfélagsins.
- Stoðteymi er starfandi við Dalvíkurskóla. Í því sitja verkefnastjóri sérkennslu, iðjubjálfi, þroskabjálfi, náms- og starfsráðgjafi og deildarstjórar. Hlutverk þess er að leita stuðningsúrræða fyrir nemendur sem af einhverjum ástæðum eiga undir högg að sækja í skólanum og meta hvenær vísa þarf þeim málum alla leið til nemenda-verndarráðs. Stoðteymið kallar til umsjónarkennara og aðra kennara þegar þörf er á.
- Eineltisteymi skólans fundar hálfsmánaðarlega. Teymið vinnur eftir eineltisáætlun Dalvíkurskóla.
- Nemendarverndarráð er starfandi við skólann og heldur fundi mánaðarlega. Það hefur skilgreint hlutverk samkvæmt lögum um grunnskóla frá 2008.
- Allt starfsfólk vinnur eftir Uppbyggingarstefnunni. Verkefnastjóri sér um að upplýsa nýtt starfsfólk um hana.

Upplýsingaflæði

- Upplýsingakerfið Námfús er notað sem rafrænn upplýsingamiðill fyrir foreldra. Tilgangurinn með kerfinu er að foreldrar fái upplýsingar um framvindu náms og líðan nemenda í skólanum. Upplýsingar eru færðar inn í rafræna dagbók nemandans. Heimanámið er sett inn á Námfús í elstu bekkjunum. Einnig er kerfið notað til að halda utan um námsmat og ástundun nemenda.
- Upplýsingagjöf til foreldra er að mestu í gegnum samfélagsmiðla s.s. facebook og tölvupóst. Á heimasíðu Dalvíkurskóla og facebooksíðu skólans eru settar helstu fréttir og upplýsingar er varða skólastarfið. Umsjónarkennarar senda fréttir vikulega frá skólanum á rafrænu formi. Áhersla er lögð á gott upplýsingaflæði til foreldra sem ekki tala íslensku og hefur skólinn verið í samstarfi við leikskólana ef þörf er á túlki. Skólinn hefur í auknu mæli nýtt sér þjónustu símatúlka síðustu ár. Þá hafa ýmis gögn og upplýsingar verið þýdd á m.a. ensku og pólsku.

- Bekkjarnámskrár og kennsluáætlanir námsgreina eru aðgenglegar á heimasíðu skólans. Markmiðasetningin einnig þegar hún verður orðin endanleg.



- Hádegisfundir eru með foreldrum á haustdögum. Markmiðið með þeim er að foreldrahópurinn nái að hittast og fara yfir sameiginleg málefni svo sem samskipti í bekkjum, verkefni vetrarins og fleira.
- Stjórnendur senda mánaðaryfirlit til alls starfsfólks þar sem fram koma viðburðir sem eru á döfinni í Dalvíkurskóla, auk þess senda þeir vikulega fréttabréf þar sem nánar er greint frá dagskrá vikunnar og viðburðum í skólastarfinu eru gerð skil.
- Fundargerðir vinnuhópa eru settar á innra net skólans. Allir starfsmenn Dalvíkurskóla hafa aðgang að þeim.
- Foreldrar, nemendur og starfsfólk geta alltaf leitað til skólastjórna á skólatíma. Stjórnendur eru ekki með fasta viðtalstíma.

Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni

- Fylgja þarf eftir endurnýjunaráætlun Dalvíkurbyggðar í tölvu – og tækjamálum um leið og hvatt verður til þess að sú áætlun sé endurskoðuð með tilliti til nýrrar tækni og notagildis í skólastarfi.
- Gera ráð fyrir kostnaði vegna hafragrautar í fjárhagsramma Dalvíkurskóla.
- Breytingar á húsnæði Dalvíkurskóla vegna komu Frístundar og koma henni í varanlegt húsnæði.
- Laga þarf þak á áfanga I og II í Dalvíkurskóla.
- Lóð Dalvíkurskóla verði hönnuð í heild sinni af starfsmönnum umhverfis- og tæknisviðs í samráði við forsvarsmenn skólans og í kjölfarið verði gerð tímasett framkvæmdaáætlun.
- Vinna eftir úrbótaáætlun frá iðjubjálfa sem tók út vinnuáðstöðu starfsmanna.
- Endurnýja húsgögn í stjórnunarrými með það í huga að stjórnendur geti staðið við vinnuborð.
- Gera á ráð fyrir myndavélakerfi við skólann bæði inni og úti en fyrsta öryggismyndavélin er nú komin í gagnið.

Lykiltölur

	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016*
Nemendafjöldi	314	309	295	297	256	256	240	226	220
Starfsmannafjöldi	69	67	62	60	51	53	52	50	47
Meðalstarfsaldur á starfsstað			11,3	10,9	10,3	9,8 ár	8,6	7,9	7,5
Heildarfjöldi stöðugilda	53	51	49,6	49,64	42,77	40,75	39,5	39,29	36,99
Fjöldi stjórnenda/stöðugildi í stj				3	3	3/2	3/2	3/2	3/2
Fjöldi stöðugilda kennara						21,62	21,52	21,39	20,3
Fjöldi stöðugilda sérfræðinga						6,62	5,47	4,89	4,19
Fjöldi annarra stöðugilda						10,51	10,51	11,01	10,5
Heildarstærð húsnæðis	3051fm	3051fm	3051fm	3051fm	3051fm	3051fm	3051	3051 fm	3051 fm
Fjöldi tölva 5 ára og yngri – starfsfólk			32	49	20	23**	22	24	24
Fjöldi tölva 5 ára og yngri – nemendur			10	44	26	26	26	29	32
Fjöldi spjaldtölva					2	30	50	53	75
Meðalfjöldi veikindadaga starfsfólks	8,69	6,55	11,2	11,8	15,9	5,2	6,9	4,94	5,08
Heildarfjöldi leyfisdaga starfsfólks v. veikinda barna					33	78,6	70,4	56,36	58,0
Heildarfjöldi launalausra frídaga	4	2	9	7	27,56	9	5	94	133
Heildarfjöldi launaðra daga sem starfsfólk fjarverandi	8	12	7	10	151,4	187	156	178,75	205
Hlutfall kennara sem uppfylltu endurmenntunarskyldu					22%	33%	56%	72%	87%
Hlutfall foreldra sem svöruðu foreldrakönnun						93%	50%	84%	68%
Hlutfall foreldra sem voru ánægðir með skólann	92%	94%		94%	95%	96,3%	97%	97%	94%
Hlutfall foreldra sem fannst almennt upplýsingaflæði frá skólanum gott	92%	95%		95%	93%	76%	82%	88%	88%
Hlutfall starfsmanna sem svöruðu starfsmannakönnun						65%	68%	69%	90%
Hlutfall starfsfólks sem leið vel í vinnunni						97%	99%	92%	95%
Hlutfall starfsfólk sem fór í starfsþróunarsamtal á síðustu 18 mán	38%	70%	50%	100%	88%	100%	100%	100%	97,5%
Hlutfall starfsfólks sem fannst upplýsingaflæðið í skólanum gott						81%	99%	69%	85%
Hlutfall starfsfólks af erlendum uppruna						4%	6%	4%	2,08%
Hlutfall nemenda af erlendum uppruna						12%	15%	18,3%	18%
Kynjahlutfall nemenda						44%kvk	44%	46,7%kvk	45,7 kvk
Kynjahlutfall starfsfólks						73%kvk	81%	80,4% kvk	81,25%kvk
Frávík í fjárhagsáætlun	108,5%	101,1%	102,4%	102,8%	94,6%	102,1%	107,4%	104,7%	76,3%
*m.v. 1. sept 2016									
**Breyting í tækni, keyptar hafa verið tölur sem um 10 geta unnið á í einu									

Dalvíkurskóli – Frístund

Leiðarljós

Að börnum líði vel og þau fái notið sín í frjálsum leik á sínum forsendum og eigi jákvæð samskipti við önnur börn.

Hlutverk

Markmið *Frístundar* er að sameina uppeldi og menntun við hæfi barna sem *Frístundar* njóta, að örva alhliða þroska þeirra, að efla með þeim virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, sjálfstæði, ábyrgð, umburðarlyndi og vináttu. Reynt er að ná þessum markmiðum með fjölbreytilegum verkefnum. Áhersla er lögð á frjálsan leik, þar sem þetta er í raun frítími barnanna. Einnig er heimanám í boði fyrir 1.-4. bekk, hópastarf og skapandi verkefni.



Helstu verkefni 2017

- Markaðssetja *Frístund* og gera starfið sýnilegra á heimasíðu Dalvíkurskóla.
- Setja dagskipulag á heimasíðu Dalvíkurskóla.
- Skilgreina betur hvað er gert í *Frístund* og upplýsa foreldra.
- Þróa innra mat á *Frístund* í samvinnu við fræðslusvið Dalvíkurbyggðar.
- Skoða leiðir til að gera samskipti og upplýsingagjöf til foreldra skilvirkari, til dæmis með því að nota Námfús eða samfélagsmiðla.
- Setja/yfirlit þjónustustefnu fyrir *Frístund*.
- Auka tengsl *Frístundar* við kennarateymi í Dalvíkurskóla.
- Reynt að koma á samskiptum við önnur Frístundaheimili.

Yfirlit yfir 2016

- Starfsmaður *Frístundar* sat fundi með kennarateymi yngsta stigs einu sinni í mánuði.

- Aukin tengsl milli Bókasafns Dalvíkurskóla og *Frístundar* með það að leiðarljósi að auka færni í lestri.

Innra starf

- Unnið er markvisst eftir Uppbyggingarstefnunni.
- Þeir nemendur sem óskað er eftir fá aðstoð við heimanám.
- Starfsmaður sækir símenntun í tengslum við frístundastarf.

Upplýsingaflæði

- Upplýsingaflæði til foreldra hefur aðallega farið fram í beinum samskiptum starfsmanns.
- Samskipti fara einnig fram í gegnum upplýsingakerfið *Námfús*.
- Upplýsingar um *Frístund* eru á heimasíðu Dalvíkurskóla.

Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni

- Fylgja þarf endurnýjunaráætlun Dalvíkurbyggðar í tölvu – og tækjamálum um leið og hvatt verður til þess að sú áætlun sé endurskoðuð með tilliti til nýrrar tækni og notagildis í skólastarfi.
- Endurnýja þarf húsgögn fyrir nemendur, en fengin voru gömul húsgögn frá Dalvíkurskóla og ráðhúsinu þegar starfsemin fór í gang.
- Mikil fjölgun hefur verið á börnum milli ára og ef svo heldur áfram þá þarf mögulega aukningu á starfsmannahaldi.
- Flutningur á *Frístund* úr húsnæði Víkurrastar í Dalvíkurskóla. Gera þarf breytingar á húsnæði Dalvíkurskóla.
- Skoða þarf með að koma fyrir uppþvottavél í nýrri aðstöðu í Dalvíkurskóla.

Lykiltölur

	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016*
Fjöldi barna sem skráð eru í <i>Frístund</i>	21	11	11	13	15	18	28
Fjöldi starfsmanna		2	1	1	1	1	2
Fjöldi stöðugilda		0,78	0,45	0,45	0,45	0,45	0,80
Fjöldi klst í vistunartíma pr. mánuð		328	293,25	411	376	522	853
Frávik frá fjárhagsáætlun	61,8%	124,2%	86,1%	95,3%	104,9%	88,9%	60,8%

*m.v. 1. sept 2016

Krílakot

Leiðarljós

Gleði – Sköpun – Þor

Hlutverk

Skólarnir Krílakot og Kátakot starfa eftir Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 og lögum um leikskóla nr. 90/2008. Dalvíkurbyggð býður upp á leikskólanám, ef kostur er, frá því að fæðingarorlofi lýkur til 6 ára. Forgang hafa börn frá 2ja-6 ára. Leikskólarnir vinna að því að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra. Stuðlað er að víðsýni, sterkri sjálfsmynd, öflugri heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta. Unnið er skipulega að málörvun og stærðfræði í hinu daglega lífi. Jafnframt er lögð áherslu á skapandi starf og leikinn í öllu þroskaferli barnsins, útikennslu og *Uppbyggingarstefnuna*.

Markmið skólanna er að leggja grunn að alhliða þroska barna svo þau verði andlega og líkamlega sterkir einstaklingar sem geta tekið þátt í lýðræðisþjóðfélagi á skapandi, virkan og ábyrgan hátt. Unnið er markvisst að því að skapa umhverfi, í samráði við foreldra, þar sem öllum líður vel og hver einstaklingur ber virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu.



Helstu verkefni 2017

- *Krílakot*. Nú hefur verið byggt við Krílakot og Kátakoti lokað og er nú hafin vinna við að sameina þessar tvær einingar, samræma og velja hvaða leiðir henta okkur sem einni heild. Það er að mörgu að hyggja og eru fyrstu verkefni að koma okkur fyrir, tæma Kátakot, breyta skjölum og gögnum þ.e. taka Kátakots nafni út og aðlaga að stækkuðum skóla, lagfæra heimasíðu, gera brunaáætlanir og fleira. Síðast en ekki síst er svo stórt verkefni að finna taktinn í húsinu, hvernig best er að hafa hlutina svo leikskólastarfið verði sem farsælast. Þetta verður okkar stóra verkefni á komandi skólaári.
- *Uppbyggingarstefnan*. Við höldum áfram að innleiða Uppbyggingarstefnuna með því að samræma reglur og sáttmála skólans. Nú hefst vinna við að samræma vinnubrögð milli skóla, að kynnst hverju öðru og læra um þarfir hvers og eins. Það að opna nýjan sameinaðan leikskóla krefst þess að skoða hvað vel hefur verið gert í hvorum skóla, hvað má fara betur og finna leiðir sem henta þessum nýja skóla.
- *Tónar eiga töframál*. Eins og áður viljum við efla tónlistarstarf skólans og óskum eftir auknu samstarfi við tónlistarskólann. Gaman væri ef samstarfið yrði meira og jafnvel að nemendur skólans kæmu og spiluðu fyrir okkar nemendur, gæti verið liður í æfingu fyrir þau að koma fram (bara hugmynd).
- *LAP*. Við höldum áfram að þróa LAP í starfi leikskólans og fengum við styrk frá *Þróunarsjóði innflytjendamála* að upphæð 780.000 krónur sem munu nýtast vel. Markmiðið er að gera handbók fyrir kennara með hugmyndum að verkefnum í fjölmenningslegum leikskóla.
- *Grænfáni*. Við fengum nýjan fána í vor í bæði Kátakot og Krílakot og nú hefst sameiginlegt verkefni. Starfsfólk skólanna tók ákvörðun í vor um hvaða verkefni skyldi unnið og var það *hnattrænt jafnrétti*. Unnið verður með hnattrænt jafnrétti á margan hátt, eftir aldri og þroska barnanna. Ein hugmynd er að borga með barni í neyð og fylgjat með lífi þess. Þau yngri munu skoða mun milli landa, hvaðan vörur koma, hvaðan koma fuglarnir og hvert fara þeir yfir veturinn og margt fleira. Af hverju þurfum við að spara vatnið og af hverju er mikilvægt að endurnýta.
- *Heilsustefnan*. Við byrjuðum haustið 2015 að fylla út lista fyrir hvert barn og er markmiðið að ljúka innleiðingu 2017 og sækja þá um að verða heilsuleikskóli. Við erum líka að efla starfsmannahópinn með það að markmiði að efla hreyfingu og hollustu. Stundum er erfitt að komast frá en markmiðið er að setja á dagskrá gönguferðir fyrir þá sem vilja á vinnutíma á föstudagsmorgnum. Þetta er enn hugmynd sem verður rædd í starfsmannhópnum og reynt að skapa svigrúm.
- *Leikskólalóðin*. Við munum halda áfram að byggja upp skemmtilegan leikvöll með áhugaverðum efniviði, s.s. hljóðgjöfum, myndum og gögnum í frjálsan leik. Hugmyndir eru uppi um skilti með fuglum og myndum af blómum og verður kostnaður kannaður og möguleikinn á framkvæmd. Það er vilji okkar að setja upp skilti við eða á lóð með nafni Georgs, hugmyndafræðinni og hönnunarári í virðingarskyni við hann. Vegna nýbyggingar þurfti að taka pallinn sem George smíðaði en við

létum geyma efnið. Á dagskrá er að kann áhuga hjá foreldrum, sem tóku þátt í uppbyggingu lóðarinnar, á því að endurbyggja pallinn á nýjum stað þegar lóðin verður endurskoðuð.



- **Stærðfræði.** Dóróþea Reimarsdóttir, kennsluráðgjafi, mun byrja á að hitta starfsfólk á elstu tveimur deildunum og kanna hvaða verkefni er verið að vinna í daglegu starfi sem tengjst tölum og stærðfræði. Í kjölfarið mun hún veita leiðsögn eftir þörfum og koma með hugmyndir að skemmtilegum verkefnum.

- **Foreldrahandbók.** Markmið er að ný foreldrahandbók verði á íslensku, ensku og pólsku til að byrja með og munum við sækja um styrki í það verkefni.

Yfirlit yfir 2016

- **Uppbyggingarstefnan.** Farið var í námsferð til Minneapolis til að kynna uppbyggingarstefnunni betur. Heimsóttur var grunnskóli – yngsta stig- þar sem við sáum markvisst unnið að því að hafa fjölbreytni í starfi og að tekið var tillit til ólíkra þarfa einstaklinga. Hlaupahjól með borði, sem gaf tækifæri til hreyfingar og náms, var t.d. í einni stofunni og þeir sem hentaði að lesa í einrúmi gátu skriðið inn í tjald eða undir bekk til að fá næði. Við lærðum margt af þessari ferð sem mun nýtast okkur í að þróa starfið okkar. Þegar höfum við nýtt okkur sumt af því sem við sáum en það tekur tíma að finna leiðir sem henta í okkar skóla. Leikskólar í Minneapolis eru ekki að vinna með Uppeldi til ábyrgðar og því erum við í raun að aðlaga grunnskólastefnu yfir í leikskólann, sem okkur hefur tekist ágætlega, og munum við halda áfram að skapa afslappað umhverfi þar sem nemendur og kennarar fá tækifæri til að vera þeir sjálfir.
- **Tónar eiga töframál.** Lítið samstarf var við tónlistarskólann. Við fengum heimsóknir frá kennurum fyrir jólin og aftur að vori sem var virkilega skemmtilegt og börnum og starfsfólki þótti mjög áhugavert.
- **Grænfáni.** Við flögguðum nýjum Grænfána vorið 2016. Verkefni ársins í Kátakoti var að vinna verkefni sem stuðla að aukinni þekkingu á samfélaginu og sögu Dalvíkurbyggðar - Jóhann Svarfdælingur með yngri börnunum og Bakkabræður með þeim eldri. Verkefnið gekk vel og börnin áhugasöm um það sem þau voru að læra. Í Krílakoti var unnið verkefni um náttúruna, lýðheilsu og heilsuvernd. Börnin lærðu um dýrin og hvað þau gefa okkur og hvaðan vatnið kemur og mikilvægi þess að fara vel með það. Við nýttum útsvæðið til markvissrar útiveru, ferða um nágrennið og tókum í fóstur tré sem við fylgdumst með og ætlum að fylgjast með í framtíðinni.

- *Fjölmennning.* LAP verkefnið okkar var í fullum gangi allt skólaárið. Eftir að búið var að merkja skólann voru unnin verkefni með foreldrum og börnum, þau fengu verkefni heim sem þau komu með í skólann og svo komu foreldrar og lásu og sungu með börnunum á þeirra tungumáli. Búin voru til verkefni innan skólans með börnunum s.s. fjölskyldutré, verkefni um hvaðan börn og kennarar koma og fleira. Auk þess var áhersla lögð á að börnin eru að læra fleiri en eitt tungumál, sungnir söngvar á öðrum tungumálum og börnin beðin að þýða orð fyrir kennara til að byggja brú milli tungumála. Verkefnin byggja á því að börn og foreldrar geri sér grein fyrir mikilvægi tungumálsins í náms- og þroskerli barnsins, að efla sjálfsmynd barna með því að gera grein fyrir því að allir eru jafnir og öll tungumál jafn mikilvæg. Þess vegna eru foreldrar fengnir til liðs við okkur og eru þátttakendur að einhverju leyti. Þeir fá hvatningu til læsis heima og til að ræða um tungumálin, hvað er líkt og ólíkt. Roma Chumack frá Kanada kom og hélt fyrirlestur um LAP með öllum kennurum skólans auk þess að hún heimsótti skólann og gaf okkur mat á verkefnið. Hún var hæst ánægð og fannst skólinn kominn langt í vinnu með fjölmenningu. Roma er að skrifa bók og í henni verður kafli um vinnu Krílakots með LAP, sem er ánægjulegt.

- *Leikskólalóðin.* Lóðin í kringum nýbyggingu Krílakots var kláruð í ágúst. Engin breyting hefur því orðið nema sett var nýtt gras í sárin og upphituð stétt gerð í kringum nýbyggingu. Mark var sett utan við lóðina svo mögulegt er að fara með börnin í fótbolta utan girðingar.



- *Mötuneyti.* Í ágúst 2016 var lokið við að setja upp fullbúið eldhúsi á Krílakoti þar sem nú er eldað fyrir um 97 börn og 28 starfsmenn. Nær allur matur er eldaður frá grunni og er hollusta höfð að leiðarljósi.
- *Stærðfræði.* Vegna mikilla anna var ákveðið að fresta aðkomu Dórópeu að stærðfræðinni en kennarar héldu áfram að þróa aðferðir til að efla þekkingu og færni barnanna á stærðfræði í gegnum leik og starf.
- *Námsferð.* Farið var til Minneapolis. Undirbúningur gekk vel og ferðin í alla staði líka. Auk þess að fá tækifæri til að heimsækja þrjá frábæra leik- og grunnskóla: einn sem leggur áherslu á umhverfismennt, annan sem leggur áherslu á uppeldi til ábyrgðar og svo ungubarnaskóla sem tekur inn börn frá 6 vikna aldri, fékk starfsfólkið tækifæri til að kynnast og eiga góðar stundir saman áður en sameining Kátakots og Krílakots gekk í gegn. Allur kostnaður var greiddur af endurmenntunarsjóðum stéttarfélaganna auk þess sem starfsfólkið safnaði fé til að fjármagna hluta ferðarinnar. Takk fyrir okkur.

- *Stig af stigi.* Öll börn fóru í *Stig af stigi* og gekk það vel. Markmið þess er að efla færni í samskiptum, læra að þekkja sjálfan sig og aðra auk þess að hafa gaman saman.
- *Heilsueflandi skóli.* Við erum enn á heilsubraut. Á áætlun var að byrja að fylla út listana en ákveðið var að fresta því þar sem LAP tók mikinn tíma frá okkur og ekki var hægt að komast á námskeið í útfyllingu eins og hentaði.
- *Foreldrahandbók.* Ný foreldrahandbók fyrir Krílakot er tilbúin og er nú í yfirlestri hjá starfsfólki skólans.
- *Einn skóli.* Þann 9. ágúst s.l. hófst leikskólastarfið í Krílakoti að loknu sumarleyfi. Starfsfólk Kátakots og Krílakots mætti til vinnu og fékk tvo daga til að koma sér fyrir áður en börnin komu til skóla. Nú er einn leikskóli starfandi á Dalvík þar sem starfa 28 kennarar og annað starfsfólk og 97 börn sem una við leik og störf.
- *Samstarf við Vinnuskóla Dalvíkurbyggðar, Grunnskóla Dalvíkurbyggðar og Menntaskólann á Tröllaskaga.* Við stefnum á áframhaldandi samstarf og nemendur þessara skóla koma í starfsnám undir leiðsögn kennara.

Innra starf

- Innleiðing á nýrri skólastefnu Dalvíkurbyggðar er í vinnslu. Hún gengur samkvæmt áætlun og munum við halda áfram með markmið sem tengjast heilsuleikskólanum og útfyllingu lista.
- Fjölmennning verður áfram eitt af verkefnum komandi árs. Drífa kynnti LAP verkefnið á tveimur ráðstefnum um fjölmenningu sem haldnar voru á liðnu skólaári og vakti verkefnið mikla athygli. Starfsfólk annarra skóla hefur komið til okkar að kynna sér verkefnið enn frekar.
- Meðal markmiða síðasta vetrar var að efla einstaklingsmiðað nám og útbjuggu þær Drífa og Dóróþea einstaklingsnámskrár sem munu verða notaðar á komandi skólaári. Með þeim teljum við okkur geta haldið betur utan um nám barnanna, gefið betri upplýsingar milli skólastiga og þar með skapa enn betri samfellu í námi barnanna.
- Mannauðsstefna Dalvíkurbyggðar er höfð að leiðarljósi og áfram er markmið okkar að efla fagmennsku og menntunarstig starfsfólks. Það er gaman að segja frá því að fimm starfsmenn eru nú í háskólanámi samhliða starfi veturinn 2016-2017 og auk þess er einn starfsmaður langt kominn með leikskólaliðanám.
- Við munum fara yfir allar námsáætlanir, áætlanir um forvarnir, fræðslu og samstarf í kjölfar sameiningar og þess að vera öll komin undir sama þak.
- Námskrá fyrir skólaárið 2016-2017 er í vinnslu og verður skilað á næstu dögum.



- *Þroskalýsingar*. Markmið er að setja þroskalýsingarlista inn í Námfús svo foreldrar hafi greiðari aðgengi. Umsjónarmaður vefs er tilbúinn í verkefnið um leið og allt er farið að ganga smurt í notkun kerfisins. Vonandi verður þetta að veruleika á skólaárinu 2016-2017.
- *Innra mat*. Allir starfsmenn fóru í starfsmannasamtöl vorið 2016 hjá leikskólastjóra eða aðstoðarleikskólastjóra. Aðstoðarleikskólastjóri fór í starfsmannasamtal hjá leikskólastjóra en leikskólastóri hefur ekki enn farið í samtál á þessu ári. Í samtölunum kom fram ánægja hjá starfsfólki með vinnustaðinn, með starf skólanna og samstarf við vinnufélaga. Matsáætlun var yfirfarin og ný áætlun gerð til fjögurra ára. Brunakerfi og húsnæði skólans er tekið út árlega af slökkviliðsstjóra og þjónustuaðila brunakerfis. Leikskólalóð og húsnæði er árlega tekið út af Heilbrigðiseftirliti Norðurlands og BMI. Öllum ábendingum um viðhald árið 2016 hefur verið fylgt eftir. Endurmenntun starfsmanna er eitt af markmiðum. Í ár tók námsferðin til Minneapolis mestan tíma af skipulagsdögum en einnig var LAP námskeið fyrir alla, Drífa sótti fjölmenningsnámskeið, nokkrir fóru á Ipad námskeið, matráður sótti námskeið um matargerð fyrir börn með ofnæmi svo eitthvað sé nefnt.

Upplýsingaflæði

- *Heimasíða Krílakots*, www.dalvik.is/krilakot er fréttaveita leikskólans og þýðingarmikið samskiptatæki. Við eigum von á nýrri heimasíðu fyrr en síðar og er markmið okkar eins og áður að koma upplýsingum á pólsku og ensku inn á síðuna til að efla upplýsingaflæði til foreldrar af erlendum uppruna.
- *Námfús*. Við höfum notað Námfús síðasta skólaár en því miður er oft einhver galli í kerfinu svo við höfum verið í vandræðum með að nota það sem skyldi. Ekki er búið að hanna foreldraviðmótið eins og óskað var eftir og að loknu sumarleyfi 2016 hefur síðan verið óstarfhæf, þ.e. við höfum ekki getað nýtt okkur innstimplunarkerfið sem er afar slæmt. Ef ekki verður ráðin bót á hjá Námfús munum við líklegast skoða aðrar leiðir, s.s. að fara til Mentor aftur.
- *Netföng*. Allir starfsmenn skólans hafa nú netfang til að auðvelda upplýsingagjöf og upplýsingaflæði milli starfsmanna og sérstaklega á milli foreldra og starfsmanna. Enn er markmið að efla alla kennara í notkun tölvupósts og í að fylgjast með fréttum.
- *Stjórnarfundir*. Einu sinni í viku eru stjórnendafundir þar sem leikskólastjóri /aðstoðarleikskólastóri og deildarstjórar fara yfir vikuna og það sem er framundan. Í kjölfarið er fréttabréf sent á allt starfsfólk því til upplýsingar.
- *Dagbækur*. Allar deildir, leikskólastjóri og eldhús halda dagbók.
- *Upplýsingaflæði*. Skóladagatal, matseðlar og námsáætlanir eru hengdar upp í fataherbergjum skólans svo foreldrar hafi greiðan aðgang. Einnig eru þessar upplýsingar á vef skólans og nú munu þær verða gerðar aðgengilegri en áður.
- *Fundargerðir* eru skráðar á stjórnendafundum og teymisfundum, þær prentaðar út og allir starfsmenn hafa greiðan aðgang að þeim. Fundargerðir eru einnig skráðar á starfsmannafundum og þeim haldið til haga.
- *Þroskalýsingar*. Nú hafa þroskalýsingar verið þýddar yfir á pólsku til að auðvelda

starfsfólki og túlkum að fara yfir stöðu barnanna í samtölum.

Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni

- *Söguskjóður.* Vilji þeirra sem staðið hafa að verkefninu stendur til að halda áfram að keyra það. Áður hefur þetta að mestu verið fjármagnað af styrkjum en til að verkefnið geti lifað þá þarf aukið fjármagn og kostar hvert rennsli um 500.000 krónur.
- *Samstarf við Tónlistarskólann.* Vilji er til samstarfs og það er verið að leita leiða. Spurning hvort skoða þurfi kostnað.
- *Leikskólalóð.* Setja þarf upp merkið til upplýsingar um hönnuð leikskólalóðar og hugmyndafræðina sem að baki býr.
- *Sérkennslustjóri.* Leikskólastjóri hefur lagt til að sérkennslustjóri verði ráðinn í 75% starf. Sérkennslustjóri hefur yfirumsjóm með allri sérkennslu og styður við starfsfólk á deildum í vinnu með börn sem á einhvern hátt þurfa sérstaka meðferð eða kennslu. Hann fylgir því einnig eftir að einstaklingsáætlanir séu gerðar þegar þeirra er þörf.



Lykiltölur

krílakot/ kátakot

	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016*
Nemendafjöldi	46/63	41/61	47/61	50/53	45/55	39/55	100
Barngildi leikskólabarna				50/77,5	37/69	34/82	117
Dvalargildi leikskólabarna	402	456	442	374/412	337/410	298/403	710
Starfsmannafjöldi	10/17	10/20	11/19	11/19	10/18	9/19	28
Meðalstarfsaldur á starfsstað	8,4 m/5,6 á	7,2 m/5,5 á	7,8 m/5,5 á	1,7 á/5,35 á	6,9/5,7	8,7/5,6	7,6
Heildarfjöldi stöðugilda	8,4/13,4	7,6/14,5	8,6/14,4	8,45/13,53	8,5/13,76	7,43/14,0,1	22,11
Fjöldi stjórnenda	2/4	2/4	3/4	3/4	2/4	2/4	6
Hlutfall stöðugilda kennara	10/40%**	40/35%**	60/32%**	38/40%**	52/55%**	60,5/51%**	53%
Fjöldi stöðugilda sérfræðinga					0/0%	0/0%	0%
Fjöldi annarra stöðugilda				5,05/8,63	4,17/5,2	4,5/8,21	10,11%
Heildarstærð húsnæðis	259/411 fm	259/411 fm	369/411fm	369/411fm	369/411	369/411	970fm
Fjöldi tölva 5 ára og yngri – starfsfólk	3/4	3/4	2/4	2/3	3/2	3/2	5
Fjöldi tölva 5 ára og yngri – nemendur	1/0	1/0	1/0	1/0	1/0	1/0	1
Fjöldi spjaldtölva					3/3	5/6	13
Meðalfjöldi veikindadaga starfsfólks (- langtíma)	9,2/13,6	10,3/13,25	18,54/9	7,2/5,2	6,3/6,5	4,3/5,6	5,1
Heildarfjöldi leyfisdaga starfsfólks v. veikinda barna	21/24,5	25/24	22,37/30	22/21	10/30	20/34	33,5
Heildarfjöldi launalausra frídaga	33/33,5	2010	19,23/55,9	22/33	9/7,5	36/23	75
Heildarfjöldi launaðra daga sem starfsfólk var fjarverandi	33/61,5	39/45	19,23/71,21	16/46	17/16	17/26	20,88
Hlutfall foreldra sem svöruðu foreldrakönnun				71/72%	72/63%	80/94%	77%
Hlutfall foreldra sem voru ánægðir með skólann	79%	100%	80/100%	94/98%	94/100%	100/98,3%	100%
Hlutfall foreldra sem fannst almennt upplýsingaflæði frá skólanum gott	67/78%	71/86%	76/88%	72/85%	77/88%	100/96%	93%
Hlutfall starfsmanna sem svöruðu starfsmannakönnun				91/90%	77/85%	80/84%	85%/66%
Hlutfall starfsfólks sem leið vel í vinnunni		100/66%	100/88%	97/94%	71/100%	100/93,75%	100%/100%
Hlutfall starfsfólks sem fór í starfsþróunarsamtal á síðastu 18 mánuðum	0/100%	100/95%	100/100%	82/100%	100/100%	100%100%	100%/100%
Hlutfall starfsfólks sem fannst upplýsingaflæðið í skólanum gott	29	36	59	51/97%	28,57/100%	50/100%	100%/67%
Hlutfall starfsfólks af erlendum uppruna	9/0%	9/0%	9/0%	9/5%	10/5%	11/10,5%	21,4%
Hlutfall nemenda af erlendum uppruna	14,5%	25,4%	24,8%	22/28%	24/28%	24/27%	29%
Kynjahlutfall nemenda				52/41,5% kvk	50/52%	46,1/48%	53%kvk
Kynjahlutfall starfsfólks	100/100% kvk	100/100% kvk	100/100% kvk	100/100% kvk	90/100 kvk	89/100%kvk	96,42%kvk
Frávik í fjárhagsáætlun	102,6/112%	108,3/98,1%	103,6/105,3%	97,5/112,4 %	106,5/105,3 %	113,9/105,8 %	94/91,4%

* m.v. 1. sept 2016

**hlutfall leikskólakennara

Árskógarskóli

Leiðarljós

Hornsteinar skólans eru myndaðir úr staðarheitinu **ÁRSKÓGUR**
námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

Árskógarskóli er athvarf barna, starfsfólks, foreldra og annarra sem vilja leggja skólasamfélaginu lið. Framsækinn skóli með börn á leik- og grunnskólaaldri sem upplifa sig sem hóp þar sem hver og einn nýtur sín á eigin forsendum í leik og starfi.

Hlutverk

Árskógarskóli er fyrir börn frá 9 mánaða til 12 ára aldurs eða við lok 7. bekkjar grunnskóla. Árskógarskóli starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 og grunnskóla nr. 91/2008 og vinnur eftir *Aðalnámskrám leik- og grunnskóla frá 2011* og *Skólastefnu Dalvíkurbyggðar*. Skólinn er undirbúningur barns til frekara náms og þroska og til að takast á við lífið hvern dag. Að gefa hverju barni tækifæri til að þroskast og leika sér af sjálfsdáðum, finna til forvitni, ímyndunar, ánægjulegrar reynslu og samkenndar. Það er hlutverk skólans að stuðla að alhliða þroska hvers barns.



Helstu verkefni 2017

- Þátttaka í gerð lestrarstefnu Dalvíkurbyggðar og Árskógarskóla.
- Áframhaldandi vinna að markmiðum í umhverfismennt tengdum Grænfána.
- Skólaþing um grunnþáttinn *sköpun* verður haldið vorið 2017.
- Innleiðing þjónustustefnu Dalvíkurbyggðar.
- Halda áfram innleiðingu PALS í lestrarþjálfun og innleiða stærðfræði PALS, hvoru tveggja á leik- og grunnskólastigi. Einnig innleiðing K-PALS með samkenntu leik- og grunnskólastigs.
- Málörvunarvinnu þarf að efla í samvinnu við talmeinafræðinga.
- Aðgengi að sálfræðiþjónustu þarf að tryggja.
- Innleiða ný lestrar- og læsispróf frá Menntamálastofnun með stuðningi læsisráðgjafa.
- Festa *Byrgjum brunninn* endanlega í sessi.
- Halda áfram að finna leiðir til að styrkja skólafélag og að skóli í Árskógi verði þar til frambúðar s.s. með samvinnu við skjala- og bókasafn, Dalvíkurskóla, Krílakot eða aðra aðila sem gætu verið með starfsemi í skólanum eða í samstarfi við skólann.

Yfirlit yfir 2016

- Starfshópur fræðsluráðs um framtíð skólans og eflingu hans skilaði tillögum um vorið og ákvörðun tekin um að skólinn starfi í óbreyttri mynd.
- Grænfána flaggað í þriðja sinn í maí við hátíðlega athöfn.
- Námsferð starfsmanna til Brighton í maí með áherslu á útikennslu og *Numicon* stærðfræðigögn.
- Starfsmannahópurinn nýtti umbunarfé Dalvíkurbyggðar í samhringingu á Kaldbak.
- Samstarf við Vinnuskóla þar sem við fengum nemendur í starfsnámi á Kötluakot um sumar.
- Annar umsjónarkennari skólans fékk launalaust leyfi skólaárið 2016-2017 og starfar í leyfinu við skóla í Noregi.
- Innleiðing PALS (**Pör Að Læra Saman**) lestrarþjálfunar gekk vel og verður haldið áfram.
- Námskeið, bæði leik- og grunnskólakennara, tengd lestri og læsi hjá læsisráðgjöfum Menntamálastofnunar.
- Innleiðingu á skólastefnu Dalvíkurbyggðar lauk.
- Aðgerðaráætlun eineltisteymis var endurskoðuð og unnið samkvæmt henni.
- Samstarf við skjalasafnið þar sem skjalavörður og hópur eldri borgara komu í skólann nokkur skipti og merktu gamlar myndir. Markmiðið var að nýta aðstöðuna og fá fleiri af Ströndinni í hópinn og í senn að efla starf skólans. Gekk mjög vel og vonandi verður framhald á.
- Gæðastundir nemenda og starfsfólks voru að jafnaði hvern miðvikudag þar sem allur skólinn hittist í um 15 mínútur og gerði sitthvað skemmtilegt, s.s. syngja, dansa, leika leikrit, fengum heimsókn, kynningar og margt fleira.

- Inga danskennari kom einu sinni í viku eftir áramót í boði foreldrafélagsins og kenndi nemendum dans. Kennslunni lauk með danssýningu á árshátíð skólans.
- Kartöflugarðurinn var plægður, nemendur settu niður kartöflur sem voru svo teknar upp að hausti og nýttar í stærðfræðikennslu, þ.e. flokka, telja og vigta.
- Starfsdagur Dalvíkurbyggðar, tengdur þjónustustefnu, var góður og í framhaldinu fór starfsfólk skólans í naflaskoðun á eigin þjónustu.
- 1. bekkur fór á skíði nokkur skipti og fékk skíðakennslu í samvinnu við Skíðafélag Dalvíkur.



- Árshátíð var haldin í mars og þemað var Kardimommubærinn.
- Bókasafn skólans var endurskipulagt og bókum fyrir yngstu nemendur var raðað í málþroskaflokka eftir kerfi sem talmeinafræðingar mæla með.
- Kennsla og tækifæri til náms með spjaldtölvum hélt áfram og eru þær nýttar almennt í skólastarfi á leik- og grunnskólastigi.
- Teymiskennsla grunnskólakennara gekk vel þar sem tveir kennarar skiptu með sér kennslu nemenda í 1.-7. bekk.
- Útiöldunaraðstaða var sett upp í rjóðri sunnan félagsheimilis og nýttist í senn skólanum og gestum tjaldsvæðis og félagsheimilis að sumri.

Innra starf

- Skólaárið 2016-2017 er enginn nemandi í 5.-7. bekk.
- Ný markmið verða sett í vinnu með Grænfána samkvæmt nýju skipulagi.
- Foreldrahandbók Kötluks uppfærð og birt.
- Unnið að læsisstefnu í samvinnu við fræðsluvið og skóla sveitarfélagsins.
- Stefnt að þátttöku í þróun könnunar á námi og líðan nemenda á yngsta stigi grunnskóla með Skólapulsinum.
- Þemavinna þvert á skólastig verður áfram hluti af starfi skólans sem og þróun innra starfs með samvinnu leik- og grunnskólakennara þar sem allir innan veggja skólans vinna saman að ákveðnum verkefnum.
- Aukin áhersla á lífsleiknikennslu gegnum bekkjarfundi og verkfæri Uppbyggingarstefnunnar. Áhersla á sjálfsaga út frá grunnþörfunum.
- Áfram unnið að verkfærum/matstækjum fyrir kennara til snemmtækra íhlutunar í nám nemenda á leik- og grunnskólastigi í samvinnu við kennsluráðgjafa, þroskaþjálfara og aðra sérfræðinga.

- Áhersla lögð á að styðja enn frekar við málproska barna með sérstakri áherslu á málörvun yngstu nemenda skólans.
- Áfram unnið að því að efla sjónrænt skipulag fyrir nemendur á leikskólastigi með það að markmiði að allir nemendur verði læsir á umhverfi sitt.
- Starfsmannafundir alls starfsfólks á starfsdögum og þegar tækifæri gefst. Deildarfundir leikskólastigs haldnir á þriggja vikna fresti að jafnaði. Kennarafundir grunnskólastigs hvern þriðjudag. Skólastjóri fundar með skólaliðum á starfsdögum.
- Endurmenntun starfsfólks, námskeið o.fl. haldin reglulega og námskeið fengin í skólann eða þau sótt sem henta bæði einstaklingum sem og starfsmannahópnum öllum.
- Nemendaverndarráð, sem einnig gegnir hlutverki eineltisteymis, er starfandi við skólann. Það fundar að lágmarki sex sinnum yfir veturinn. Virk aðgerðaráætlun gegn einelti er við skólann.
- Skóla- og foreldraráð, þvert á skólastig, er starfandi við skólann og fundar þrisvar sinnum að vetri um starfið, námsumhverfið og fleira samkvæmt hlutverki sínu í lögum.



Upplýsingaflæði

- Skólastjórnendur gefa út fréttabréf og viðburðadagatal í hverjum mánuði. Fréttabréfið er birt á heimasíðu skólans og sent til foreldra í tölvupósti.
- Skólastjóri sendir starfsfólki póst í hverri viku þar sem kemur fram hvað sé framundan í skólastarfinu, hverjir eru í fríi o.fl. Einnig eru slíkar upplýsingar hengdar upp á töflu í starfsmannaaðstöðu.
- Upplýsingakerfið *Námfús* er notað sem rafrænn upplýsingamiðill fyrir foreldra. Tilgangurinn með kerfinu er að foreldrar fái upplýsingar um framvindu náms, þroska og líðan barna sinna. Í *Námfús* eru m.a. skráðar upplýsingar um netföng og síma, upplýsingar um t.d. ofnæmi og sjúkdóma, fundir sem eru haldnir um málefni barna og margt fleira sem gerir upplýsingaflæði og upplýsingaöflun að skilvirku ferli.
- Stefna skólans er að kennarar og stjórnendur sendi reglulega upplýsingar og fréttir af starfinu til foreldra á rafrænu formi.
- Heimasíða Árskógar skóla og facebooksíða eru virkar og efni aðgengilegt og uppfært reglulega. Þar er að finna allar upplýsingar sem snerta skólastarfið m.a. skólanámskrá, starfsáætlun og kennsluáætlanir.
- Fundargerðir eru skráðar rafrænt. Þær eru geymdar á samgögnum og prentaðar út í möppu þar sem starfsfólk kemst í þær. Fundargerðir með viðkvæmum upplýsingum og trúnaðarmál eru geymdar á læstu svæði skólastjóra.
- Fundir eru haldnir með foreldrum til að kynna og ræða skólastarfið og þeim boðið sérstaklega á opið hús til að skoða afrakstur vinnu nemenda, s.s. þemavinnu.
- Upplýsingatafla í forstofu er notuð til að birta foreldrum leikskólabarna upplýsingar.
- Skólinn er með regluleg foreldraviðtöl sem eru mikilvægur þáttur í öllu upplýsingaflæði milli heimilis og skóla.
- Matsmöppur nemenda fara heim þrisvar yfir skólaárið þar sem ætlast er til að foreldrar og börn fari saman yfir námið.
- Stjórnendur eiga nánast daglega samræðu og samráð um skólastarfið.

Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni

- Á áætlun sumarið 2017 er að koma upp rennibraut og leikkofa á lóð Kötlu kots.
- Mála elsta hluta skólans að innan.
- Borð og stólar í listasmiðju verði endurnýjaðir.
- Stefnt er á að skipta um gólfdukk á heimasvæði grunnskólastigs.
- Lagfæra þarf ýmislegt í kringum skólann, hellur, tréverk ofl.

Lykiltölur

	2012**	2013	2014	2015	2016*
Nemendafjöldi		38	39	35	30
Börn á leikskólaaldri		15	14	14	15
Börn á grunnskólaaldri		23	25	21	15
Barngildi leikskólabarna		16,8	17	20,6	20,2
Dvalargildi leikskólabarna		100,25	99,5	99,7	108,5
Á virkum biðlista um leikskólapláss		0	0	0	0
Starfsmannafjöldi		14	14	12	11
Meðalstarfsaldur á starfsstað		1	1,8	2,5	3,2
Heildarfjöldi stöðugilda		9,5	9,5	8,75	7,75
Fjöldi stjórnenda		2	2	2	2
Hlutfall stöðugilda kennara		69,50%	68%	69%	64%
Fjöldi stöðugilda sérfræðinga		0	0,4	0	0
Fjöldi annarra stöðugilda		2,9	2,5	2,5	2,3
Heildarstærð húsnæðis		652,4	652,4	652,4	652,4
Fjöldi tölva 5 ára og yngri - starfsfólk		6	6	5	5
Fjöldi tölva 5 ára og yngri - nemendur		12	12	12	12
Fjöldi spjaldtölva	2	2	14	14	14
Meðalfjöldi veikindadaga starfsfólks	3,5	2,7	4,6 ***	2,9	2,9***
Heildarfjöldi leyfisdaga starfsfólks v. veikinda barna	7	18	29,5	15,3	15,5
Heildarfjöldi launalausra frídaga	3	10	32	14,8	44
Heildarfjöldi launaðra daga sem starfsfólk fjarverandi	25	45	30	31,2	9
Hlutfall kennara sem uppfylltu endurmenntunarskyldu	100%	100%	100%	100%	100%
Hlutfall foreldra sem svöruðu foreldrakönnun		90%	100%	100%	90%
Hlutfall foreldra sem voru ánægðir með skólann		100%	100%	97,44%	93%
Hlutfall foreldra sem fannst almennt upplýsingaflæði frá skólanum gott		83%	97%	92,31%	93%
Hlutfall starfsmanna sem svöruðu starfsmannakönnun		71%	50%	67%	90%
Hlutfall starfsfólks sem leið vel í vinnunni		100%	100%	87,5%	100%
Hlutfall starfsfólks sem fór í starfsþróunarsamtal á síðastu 18 mánuðum	100%	100%	100%	100%	100%
Hlutfall starfsfólks sem fannst upplýsingaflæðið í skólanum gott		100%*	85%	100%	100%
Hlutfall starfsfólks af erlendum uppruna		0	0	0	0
Hlutfall nemenda af erlendum uppruna		2%	2,5%	6%	6,3%
Kynjahlutfall nemenda		51%kvk	54% kk	60% kvk	59% kvk
Kynjahlutfall starfsfólks		85,70%kvk	85,70%kvk	83,3% kvk	82% kvk
Frávik í fjárhagsáætlun		15,5% undir	2% yfir	4% undir	1% undir

* m.v. 1. sept 2016

**1.8.-31.12 (nýr skóli tók til starfa)

*** Langtímaveikindi eru ekki inni í þessari tölu

Tónlistarskólinn á Tröllaskaga

Leiðarljós

Tónlistarskólinn á Tröllaskaga skal vera ein af menningarstoðum samfélagsins og taka virkan þátt í menningarlífinu. Nemendur tónlistarskólans skulu vera sýnilegir á hinum ýmsu samkomum í þeirra byggðakjörnum og þannig efla stöðu tónlistar í sínu samfélagi. Æskilegt er að nemendur jafnt sem kennarar fái tækifæri til að stunda list sína og samfélagið njóti þess.

Hlutverk

Í Aðalnámskrá tónlistarskólanna kemur fram að tónlistarskóli skal vera opin og sinna



almennu tónlistaruppeldi. Tónlistarskólinn þarf því að uppfylla mismunandi kröfur, vera fyrir nemendur sem læra einungis sér til skemmtunar og fyrir nemendur sem vilja búa sig undir metnaðarfullt tónlistarnám og skyldar greinar á háskólastigi. Ekki síst er mikilvægt það hlutverk að kenna nemendum að njóta tónlistar. Tónlistarskólinn skal stuðla að auknu tónlistarlífi í samfélaginu.

Helstu verkefni 2016-2017

- Markmiðasamningar verða gerðir við nemendur í fyrstu og annarri viku skólaárs. Þeir verða kynntir fyrir foreldum í foreldravíku sem verður 14. -18. september. Unnið verður að því að sem flestir nemendur taki árspróf, stigspróf eða prófi nemendapróf.
- Leitast verður við að efla samstarfið við grunnskóla sveitarfélaganna með aðkomu að viðburðum skólanna og einnig er markmið að setja upp söngleik.
- Tónlistarskólinn sér um tónmenntarkennslu fyrir grunnskólana í Dalvíkurbyggð og Grunnskóla Fjallabyggðar.
- Nemendur með sérþarfir fá, í samstarfi við Dalvíkurskóla, leiðsögn í tónlist og hreyfingu. Umsjón hefur Kristjana Arngrímsdóttir.
- Haustfundur kennara verður haldinn þann 16. september á Hótel Sigló.
- STS þing skólastjóra tónlistarskóla verður 24. – 26. september.
- Samstarf við leikskóla heldur áfram að þróast með föstum heimsóknum og/eða heimsóknum í tónlistarskólann.
- Hausttónleikar verða 18., 19. og 20. nóvember.

- Farið verður einu sinni í viku í heimsókn á Dalbæ með nemendum skólans á Dalvík.
- Jólatónleikar verða 13., 14. og 15. desember.
- Þemavika skólans verður 3. – 7. október.
- Uppskerutónleikar tónlistarskólans verða 21. – 23. febrúar.
- Tekið verður þátt í í Nótunni í Hofi og svo vonandi í Eldborg.
- Unnið verður að því að aðlaga *Uppbyggingarstefnuna* að skólastarfinu.
- Með tilkomu rafrænnar dagbókar og með meiri samskiptum við foreldra og forráðamenn verður lagt mat á árangur nemenda reglubundnar en áður hefur verið.
- Meiri áhersla verður lögð á samspil, hljómsveitarstarf og upptökur innan skólans.
- Námskeið verða á vegum listhúss Fjallabyggðar.
- Vortónleikar verða 16., 17. og 18. maí.
- Skólaslit verða föstudaginn 26. maí.



Yfirlit yfir 2015-2016

- Haustfundur tónlistarkennara var 18. september 2015 að venju og sóttu allir kennarar fundinn.
- Stjórnendur sóttu þing skólastjóra tónlistarskóla 26. – 28. september.
- Hausttónleikar voru haldnir 15. – 16. október.
- Jólatónfundir voru haldnir í skólanum og farið var í heimsókn á Dalbæ með jóladagskrá.
- Árleg viðhorfskönnun foreldra og kennara var lögð fyrir og var niðurstaða hennar verulega ánægjuleg fyrir tónlistarskólann.
- Nemendur skólans tóku þátt í Nótunni, forvalskeppni sem haldin var í Tjarnarborg.
- Kennarar skólans sóttu námskeið í hljóð og upptökufræðum, fyrirlestur um upphaf nótnaskriftar og námskeið í latin rytum.

Innra starf

- Skólinn er í stöðugri þróun og ætíð er leitast við að efla tónlistarkennslu í samræmi við nútímakröfur. Kennarar hafa verið að kynna sér nýjungar í kennsluháttum undir stjórn skólastjóra.
- Skólastjóri mun taka starfsþróunarsamtöl við starfsfólk skólans.
- Unnið verður áfram að aðlögun *Uppbyggingarstefnuna* að tónlistarskólanum.
- Innleiðing *Grænfánans* heldur áfram og verður skólinn að stofna umhverfisnefnd.

- Kapp verður lagt á að viðhalda þeim góða starfsanda sem í tónlistarskólanum ríkir.
- Haldið verður formlega utan um símenntun kennara með skráningareyðublöðum.
- Stærri starfsmannahópur og því meira svigrúm til að bregðast við áföllum, s.s. veikindum og fækkun eða fjölgun nemenda á ákveðnum hljóðfærum.
- Þegar starfsmannahópurinn er stærri er meiri þekking og breidd innan hans og því mögulegt fyrir kennara að læra af samstarfsmönnum sínum.
- Kennarar hafa sérhæft sig á ákveðin hljóðfæri og geta því sinnt þeim nemendum betur og skólarnir ná fram betri kennsluáðferðum og árangri.
- Hagkvæmari möguleikar til símenntunar hafa skapast fyrir kennara og hlutfallslega ódýrara verður fyrir skólann að bjóða þeim upp á símenntun.
- Mögulegt er að nemendur sem staddir eru á svipuðum stað í tónlistarnámi hittist í auknu mæli og spili saman á sérstökum æfingum, t.d. fyrir tónleika. Jafnframt er tækifæri til að skoða hópkenndu í auknu mæli bæði innan skólanna og milli þeirra.
- Nýir möguleikar til hljóðfæranáms með enn meiri nálgun við Menntaskólann á Tröllaskaga og þær námsbrautir sem eru þar í boði fyrir unga tónlistarmenn.



Upplýsingaflæði

- Samskipti við foreldra fara í gegnum samskiptakerfið Visku og dagbók þess, einnig eru margir foreldrar sem nota netpóst og síma.
- Tónlistarskólinn er með heimasíðu (www.tat.is) og fésbókarsíðu til þess að efla upplýsingaflæði til samfélagsins.
- Við skólaslit er gefið yfirlit um starf skólans. Skólaslit Tónlistarskólans á Tröllaskaga verða 29. maí n.k.

Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni

- Töluverður sparnaður verður við sameiningu skólanna, alls 110% staða kennara.
- Skoða þarf þau hljóðfæri sem hafa verið í útleigu með tilliti til endurnýjunar.
- Við sameininguna verður hægt að nota búnað á milli skóla bæði hljóðfæri og hugbúnað.
- Færsla skólans yfir í Víkurröst sem er mjög hentugt húsnæði fyrir tónlistarskólann og væri hægt að gera góðar vel einangraðar kennslustofur þar.
- Gamli skólinn er allt of stór, stofur illa einangraðar og komið er að miklu viðhaldi á húsnæðinu og gæti það haft skaðleg áhrif á heilsu starfsfólks.

- Á Siglufirði er búið að fara í þakið sem snýr í suður og vonandi verður þakið klárað á næsta ári. Búið er að mála nýju kaffistofuna og verið er að taka hana í notkun.



Lykiltölur

	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Starfsmannafjöldi	12	11	10	9	10	9	10	17
Meðalstarfsaldur á starfsstað	3,9	3,5	3,8	5,0	5,8	5,2	4,9	4,8
Fjöldi stöðugilda starfsfólks	7,1	7,3	7,3	6,84	5,17	6,08	6,15	11,35
Fjöldi stöðugilda kennara með kennsluréttindi	3,5	3,5	3,5	3,5	3,1	5,0	6	12,5
Fjöldi nemenda	120	111(+186)	100+72*	95+70*	95-200*	110+ 65	95 - 67	230
Fjöldi nemenda eftir kyni					kvk.	Kvk. 53%	Kvk 57%	Kvk 58%
Fjöldi verkefna sem leik- grunn- eða tónlistarskóli starfa	2	2	5	5	6	7	3	6
Heildarstærð húsnæðis	3051 fm	3051 fm	3051 fm	3051 fm	3051 fm	3051 fm	3051 fm	3830 fm
Fjöldi tölva (5 ára og yngri)	4	5	7	7	7	7	5	17+IP.3
Meðalfjöldi veikindadaga starfsfólks	4	5	4	4	3	2	2	3
Heildarfjöldi launalausra frídaga	1,5	1,5	0	0	0	0	0	2
Heildarfjöldi launaðra daga sem starfsmenn eru fjarverandi (annarra en veikindadaga, og	0	0	0	0	0	0	0	2
Heildarfjöldi klst sem starfsmenn sóttu námskeið eða aðra formlega símenntun	24	60	60	30	50	40	40	38
Meðalfjöldi klst á kennara sem nýttir voru í símenntun utan vinnutímaramma	0	2	2	2	540	3	0	0
Hlutfall foreldra sem eru frekar eða mjög ánægðir með		95%	100%	100%	97%***	95,5%	97%	
Hlutfall starfsmanna sem fóru í starfsþróunarsamtal	0%	0%	40%	0	100%	100%	100%	0%
Stig grænnar greinar		0	0	0	1	1	1	1
Gild skólanámskrá		nei	já	Já	Já	Já	Já	já
Gerð sjálfsmatsskýrslu	nei	nei	Nei	Nei	Já	Já	Já	já
Frávik frá fjárhagsáætlun	99,2%	95,8%	96,2%	96,2%	102,4%	93,5%	114,7%	58,7%
Fjöldi sóttra styrkja	1	1	1	2	0	0	0	0
Fjöldi viðburða sem nemendur skólans koma fram á	20	25	25	25	35	33	27	52
Hlutfall foreldra sem komu í foreldraviðtal		60-70%	60%	100%	80%	75%	20%	21%
*nemendur forskóla, leikskóla og kórs								
**m.v. 1. sept 2013								
*** kannanir í apríl 2013								

Byggðasafnið Hvoll

Leiðarljós

Söfnun - skráning - varðveisla - rannsóknir - miðlun

Safnið varðveitir og rannsakar menningararf byggðarlagsins og kynnir fyrir gestum safnsins, sögu og menningarverðmæti sveitarfélagsins.

Hlutverk

Byggðasafnið sinnir þeim kröfum sem gerðar eru til viðurkenndra byggðasafna samkvæmt safnalögum nr. 10/2011 og siðareglum safna sem ICOM, alþjóðaráð safna gefur út. Einnig er unnið samkvæmt *Menningarstefnu Dalvíkurbyggðar* sem var samþykkt 8. maí 2007 en endurskoðuð í mars 2011 svo og söfnunarstefnu safnsins sem var samþykkt árið 2009 og endurskoðuð 2016. Jafnframt skal safnið framfylgja stofnskrá sinni. Safnið er þjónustustofnun sem gegnir mikilvægu hlutverki við að efla vitund um fortíðina og menninguna í samhengi við samtímann.

Helstu verkefni 2017

Vegna niðurskurðar á næsta ári mun safnið ekki fara í stærri verkefni nema styrkir komi til. Safnstjóri mun að sjálfsögðu sækja um í sjóði til að styrkja þau verkefni sem eru á döfinni. Almennri safnavinnu verður haldið áfram og allt gert til að safnið fái að halda sínu hlutverki í samfélaginu og í stóra samhenginu. Ekki verður farið í gerð nýrra sýninga heldur þær sýningar sem fyrir eru þéttar. Reynt verður að fá styrki til þýðinga á textum sýninga.

- Haldið áfram að skrá í gagnagrunninn *Sarp*, mynda og skrá gripi fáist áframhaldandi styrkur úr Safnasjóði.
- Haldið verður áfram að markaðssetja safnið á allan mögulegan máta, þar sem samfélagsmiðlar verða sérsaklega nýttir.
- Haldið áfram samvinnu við sem flestar stofnanir innan sem utan Dalvíkurbyggðar.
- Forstöðumaður safnsins sækir Farskóla safnmanna haustið 2017.
- Haldið verður áfram að setja upp litlar sýningar á munum safnsins, bæði í menningarhúsinu Bergi og kössum í Ráðhúsi. Ein sýning á hvorum stað.
- Hluti af sýningunni *Norðrið í norðrinu* verður settur upp á byggðasafninu Hvoli.
- Tiltekt í geymslum.



- Endurskipulagning á sýningum safnskots í Hvoli.
- Þýðingar á textum ef styrkir fást í það.
- Þátttaka í stefnumótun safnanna við Eyjafjörð og samvinnu þeirra á milli.
- Samstarf við félag eldri borgara um yfirsetu á safninu nokkra klukkutíma á dag yfir sumarmánuðina.
- Skoðaðir möguleikar á að flytja safnkostinn í stærra húsnæði.

Yfirlit yfir 2016

- Haldið var áfram að skrá í gagnagrunninn *Sarp*. Starfskraftur fékkst í skráningavinnu í þrjá mánuði í hlutastarfi.
- Lokastyrkur fékkst úr Húsfriðunarsjóði til að klára húsaskráningu. Lokaafurðin fer inn á nýja heimasíðu safnsins.
- Styrkur fékkst úr Safnasjóði til að gera yfirlitskort af byggðaþróun í Dalvíkurbyggð. Verkið er hafið.


- Byggðasafnið, í samvinnu við Margréti Guðmundsdóttur sagnfræðing, hélt áfram með örsýningaröð um 12 konur úr Dalvíkurbyggð. Sett var upp lítil sýning í



menningarhúsinu í Bergi fyrstu fimm mánuði ársins. Verkefnið hófs í Bergi á 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna, þann 19. júní 2015, með dagskrá um kosningarrétt kvenna. Eftirfarandi aðilar styrktu verkefnið: Menningarsjóður Dalvíkurbyggðar, Sóknaráætlun Norðurlands eystra, 100 ára kosningaréttur kvenna á Íslandi og Safnasjóður.

- 19. júní 2016 var opnuð sýning í Hvoli um konurnar 12 sem fjallað hafði verið um mánaðarlega í eitt ár. Sýningin mun standa til haustsins 2018.
- Í janúar 2016 opnaði forstöðumaður farandsýninguna *Norðrið í norðrinu* í Þjóðminjasafni Íslands. Sýningin stóð yfir í níu mánuði og hluti hennar mun verða settur upp á byggðasafninu Hvoli 2016 -2017.
- Góð samvinna er við margar stofnanir innan sem utan Dalvíkurbyggðar. Í menningarhúsinu Hofi á Akureyri var meðal annars opnuð sameiginleg sýning safna Eyjafjarðarklasans sem stóð út sumarið 2016. Einnig var haustfundur Eyjafjarðarklasans haldinn á haustdögum.
- Forstöðumaður byggðasafnsins sótti vofund safna sem haldinn var í Reykjavík í maí og Farskóla safnmanna sem var í Reykjanesbæ haustið 2016.
- Mánaðarlega voru örsýningar á munum safnsins í menningarhúsinu Bergi.

- Samstarf var við félag eldri borgara í Dalvíkurbyggð um yfirsetu á safninu nokkra klukkutíma á dag yfir sumarmánuðina.
- Safnið var markaðssett á allan mögulegan máta, þar sem að samfélagsmiðlar voru sérsaklega nýttir.
- Lítið kver um þjóðsögur í Svarfaðardal kom út með fjárstyrk frá Hauki Haraldssyni sem safnaði saman sögunum. Mjöll Sigurdís Magnúsdóttir sumarstarfsmaður safnsins sá um myndskreytingar.
- Tiltekt í geymslu safnsins í Ráðhúsi.
- Móttaka gripa.
- Fagleg aðstoð vegna spurninga er upp koma varðandi menningararfinn.
- Undirbúningur sýninga 2016 unnin yfir vetrarmánuðina auk annara aðkallandi verkefna svo sem markaðsetningar og skipulags.
- Forstöðumaður minnkaði vinnu sumarstarfsmanna eins og hægt var og tók sjálfur vaktir á morgnana frá kl. 11.00 – 13:00 ef hægt var.
- Þungum ljósum á 2. hæð í Hvoli var skipt út fyrir önnur vegna hættu sem af þeim stafaði.
- Í byrjun ársins 2016 ákvað Safnaráð Íslands að verkferill eftirlits með viðurkenndum söfnum yrði sá að áður en eftirlitsaðilar frá ráðinu, sem eiga að kanna stöðu á ýmissi faglegri starfsemi, koma á svæðið fylli forstöðumenn safnanna út eftirlitseyðublöð Safnaráðs. Þetta telur Safnaráð vera til bóta, því þá sjáist hvort einhver þáttur í starfseminni þurfi lagfæringar við og hægt sé að gera áætlun um hvernig bregðast megi við þeim þáttum. Talsverður tími fór í þetta verkefni ásamt fleiri könnunum sem safnstjóri þurfti að svara um ýmis safnamál.
- Unnið var að umsóknum um styrki. Styrkur fékkst frá Safnasjóði.



Innra starf

- Áætlað er að starfsmenn sækja námskeið tengd safnastarfi og starfsmenn í yfir 50% starfshlutfalli sækja Farskóla safnmanna.
- Haldið áfram að leita leiða við að markaðssetja Byggðasafnið.
- Haldið áfram að leita styrkja og sækja um fjármagn til að geta ráðist í ný kostnaðarsöm verkefni.
- Átak gert í að bæta texta á sýningum safnsins og stöðugt endurmat er á sýningum í húsinu.
- Tiltekt í geymslum safnsins.
- Skráning gripa.

Upplýsingaflæði

- Miðlun á sér stað í formi sýninga, útgáfu rita, safnafræðslu, vefmiðlunar og annars kynningarstarfs.

- Safnið gefur út kynningarbækling um Byggðasafnið sem fer víða um land.
- Safnið setur upp sýningar utan sinna húsakynna.
- Auglýsingar sendar árlega í öll hús byggðalagsins.
- Þáttaka í átaki safna á landinu um sameiginlegar auglýsingar vikulega í Ríkisútvarpinu.
- Eyfirski safnaklasinn stendur að sameiginlegri sýningu í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri að sumarlagi árin 2012 - 2017
- Heimasíða safnsins og samfélagsmiðlar nýttir.
- Auglýst var í *Íslensku safnabókinni*, tímaritinu *Í boði náttúrunnar*, RÚV og á fleiri stöðum.
- Reynt að komast í samstarf við minni ferðaþjónustur um að koma á safnið, t.d. tengt hvalaskoðun.

Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni

Verkefni safnsins velta á því hvort inn koma styrkir.

- Áætlað er að breyta miðhæð safnsins árið 2018. Gerð verður ný sýning í stóra rýminu. Þema þeirrar sýningar hefur ekki verið ákveðið.
- Á áætlun er að útbúið verði byggðapróunarkort af Dalvík. Hugsanlega verður gefið út lítið kver með byggðasögulegum fróðleik.

Lykiltölur

	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016*
Starfsmannafjöldi	3	3	4	4	4	4	3	3
Stöðugildi	1,2	1,2	1,2	1,2	1,2	1,2	1,2	1,2
Meðalstarfsaldur á starfsstað	4	5	6	6	7	7	7	7
Heildarstærð húsnæðis fm	280,1	300,1	300,1	300,1	300,1	300,1	300,1	300,1
Fjöldi tölva (5 ára og yngri)	0	2	2	2	2	2	2	2
Meðalfjöldi veikindadaga starfsfólks	7,5	0	4,25	4,5	12,5	1	1	1
Hlutfall starfsmanna sem fór í starfsþróunarsamtal	0%	50%	50%	50%	50%	50%	50%	0%
Frávik frá fjárhagsáætlun	157,3%	103,1%	106,2	99,9%	107,7%	104,6%	104,2%	64,8%
Fjöldi umsókna um styrki	3	2	3	8	3	3	5	3
Fjöldi fenginna styrkja	2	1	2	2	8	3	4	2
Fjöldi heimsókna á safnið	4.533	3.229	3.671	3.800	3.800	3000	2900	Ca3.800
Fjöldi opnunardaga á safni	130	130	130	130	130	130	130	130
Fjöldi bóka/gripa sem safninu hefur verið fært á árinu.	49	150	30	30	20	140	100	10
Fjöldi skráðra bóka/muna	2900	3150	4834	5000	5000	5000	Ca 5000	Ca5000
Fjöldi auglýstra viðburða á safni	10	8	10	10	5	5	9	8
Fjöldi samvinnuverkefna við önnur söfn eða stofnanir	3	3	3	3	3	6	5	3
Fjöldi samvinnuverkefna við stofnanir sveitarfélagsins	1	1	10	3	2	3	3	3
Fjöldi skráðra húsa í húsakönnun	0	10	30	60	80	a		fullklárað

*m.v.1. sept. 2016

Bókasafn Dalvíkurbyggðar

Leiðarljós

Almenningsbókasafnið er upplýsingamiðstöð á hverjum stað og veitir notendum sínum aðgang að alls kyns þekkingu og upplýsingum.

Þjónusta almenningsbókasafns er veitt á grundvelli jafnræðis og jafnrar aðstöðu allra manna án tillits til aldurs, kynþáttar, kynferðis, trúarbragða, þjóðernis, tungumáls eða félagslegrar stöðu.

(Úr yfirlýsingu UNESCO um almenningsbókasöfn, 1994)

Hlutverk

„Almenningsbókasöfn eru menningar-, upplýsinga- og menntastofnanir reknar af sveitarfélögum. Allir landsmenn skulu eiga kost á að njóta þjónustu almenningsbókasafna. Öllum sveitarfélögum er skylt að standa að slíkri þjónustu í samræmi við þessi lög. Sveitarfélög ráða starfslíð almenningsbókasafna sem á vegum þeirra starfa, sjá söfnunum fyrir viðunandi húsnæði og búa þau nauðsynlegum búnaði.“ (Bókasafnalög, 2013)

Íbúar Dalvíkurbyggðar og gestir sveitarfélagsins eiga að geta treyst því að starfsfólk safnsins leitist við að gera þeim dvöl á safninu að jákvæðri og örvandi upplifun.

Helstu verkefni 2017

- Nýr forstöðumaður mun stjórna verkefnum safnsins frá ársbyrjun árið 2017 og því er erfitt að ákveða hver helstu verkefni verða þar sem það er að miklu leyti í höndum forstöðumanns að ákveða það.
- Vinna við nýja heimasíðu verður þó augljóslega krefjandi verkefni nýs forstöðumanns.
- Tillögur fráfarandi forstöðumanns eru þessar.
 - Áfram verði boðið upp á sögustundir og heimsóknir frá leikskólanum
 - Grunnskólanum boðið samstarf.
 - Bókmenntakynningar eins og kostur er.
 - Fjölbreyttar sýningar í sýningarskáp.
 - Sögustundir.
 - Sumarlestur – sem átak til að viðhalda lestrarfærni grunnskólabarna.
 - Fylgjast með hvað gerist með útlán rafbóka.
 - Átak í fjölgun vina á fésbókarsíðu safnsins + auka gagnvirkni á samskiptamiðlum.
 - Áfram verði staðið að sýningu á a.m.k. 1 pólsk kvikmynd í október, ef vel gengur 2016.
 - Nánara samstarf um upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn (sjá tillögu í 4ra ára verkefni).

Yfirlit yfir 2016

Hefðbundin verkefni taka mestan tíma starfsfólks og eru þau auk viðhalds safnkosts, útlána og aðfanga þessi helst:

- Heimsóknir leikskólabarna – þrír hópa leikskólabarna heimsækja safnið vikulega á tímabilinu jan. – maí og sept. – des. Í hverjum hópi eru 5 – 8 börn auk leikskólakennara/starfsmanns. Mánudags- og þriðjudagsmorgnar eru helgaðir þessum heimsóknum.
- Sögustundir eru á fimmtudögum kl. 16:15. Á árinu 2016 er sögustund einu sinni í mánuði fyrir pólsk börn. Kamila Piotrowska hefur séð um þær. Stefnt er að því að halda áfram út árið.



- Nemendur í 10. bekk komu í heimsókn, fengu bókasafnsskírteini og leiðsögn um notkun á þeim.
- Kosning bestu barnabókarinnar árið 2015 fór fram í júní. Lítil þátttaka var og ekki náðist samstarf við grunnskólann vegna tímaskorts. Um 70 börn tóku þátt í kjörinu. Besta bókin var valin Dúkka eftir Gerði Kristnýju.

- Hádegisfyrirlestrar eru einu sinni í mánuði þó með hléi í júní – ágúst. Í janúar var



myndasýning á vegum Ferðafélags Svarfdæla þar sem sagt var frá **ferð í Lónsöræfi**. Í febrúar var fyrirlestur Brynhildar Þórarinsdóttur sem nefnist **Bókaorma-eldi: Hvað gerir börn að áhugasömum lesendum?** Í apríl var fyrirlestur og myndasýning um ferð Dóróþeu Reimarsdóttur og Viðars Kristmundssonar **um Indókína**. Í maí kynnti ljósmyndahópur skjalasafnsins myndasýningu sína um **störf í sveitinni**. Í september verður fyrirlestur í tengslum við sýninguna **Þetta vilja börnin sjá**. Í október mun Finnur Friðriksson

verða með fyrirlestur um **Málþróun**. Ljósmyndahópur fær desember til að sýna myndasýningu haustsins.

- Sumarlestur skólabarna var með nýju móti þetta sumarið. Börn og foreldrar skrifuðu undir samning þar sem ákveðinn fjöldi bóka skyldi lesinn á tímabilinu 1. júní – 1. ágúst. Alls tóku 24 börn á aldinum 6 – 11 ára þátt og lásu samtals 115 bækur.
- Sýningar í sýningarskáp safnsins hafa verið frá áramótum: 1) *Englar* – fengnir voru að láni frá íbúum Dalvíkurbyggðar handgerðir englar og var sú sýning sett upp fyrir jól 2015. 2) Í lok janúar var sett upp sýningin *Snjór* – með textum, ljómyndum og hlutum sem tengjast snjó. 3) Í mars var sett upp sýningin *Fjaran* með textum, og fjársjóðum

úr fjörunni. Fjár sjóðirnir voru einnig fengnir að láni frá íbúum. 4) Sýning í ágúst er sýning á munum frá *Fiskideginum mikla* sem varðveittir eru á skjalasafninu.

- Miklar breytingar urðu í geymslum safnsins þegar 4 nýjar (aflagðar hillur á skjalasafni) hillustæður voru settar upp í skáldsagnadeild geymsluhúsnæðis í kjallara. Við það tækifæri var mikið grisjað úr og eftir að hafa boðið fólki safnkostinn að gjöf, var bókum pakkað inn og merktar með aðlaðandi áletrunum og hver pakki seldur á kr. 100.

Innra starf

- Starfsmenn safnsins eru þrír, allir í hlutastörfum. Starfsmenn fóru í vettvangs- og kynningarferð í Fjallabyggð 19. maí. Bókasöfnin á Siglufirði og Ólafsfirði voru heimsótt. Hrönn Hafþórsdóttir forstöðumaður tók á móti hópnum á Siglufirði og Vilhjálmur Hróarsson safnvörður í Ólafsfirði. Menntaskólinn á Tröllaskaga var einnig heimsóttur þar sem skólameistari kynnti starfsemi skólans.



- Námskeið fyrir skrásetjara var haldið á Akureyri 10. og 11. mars og síðari hluti þess í Reykjavík 2. maí. Forstöðumaður sótti þessi námskeið og endurnýjaði þar með skráningarréttindi sín.
- Forstöðumaður sótti vörfund almenningsbókasafna á Egilsstöðum 29. apríl.
- Ekki hefur tekist að hafa starfsmannafundi reglulega en þó voru haldnir þrír fundir á árinu og mæta þá starfsmenn sérstaklega á þá. Starfsmannasamtöl hafa farið fram á árinu.
- Starfsmenn mæta á fundi hjá Landskerfi bókasafna sem eru haldnir á haustin á Akureyri. Þar er farið yfir nýjungar og breyttar áherslur í Gegni, sameiginlegu bókasafnskerfi landsins.
- Hefð er komin á að starfsmenn komi saman á jólahlaðborði í nóv.- des.

Upplýsingaflæði

- Heimasíða safnsins er notuð til að kynna hvað er á döfinni en fésbókarsíðan er notuð til að auglýsa safnkost og minni viðburði auk þess að að segja frá skemmtilegum upptökum. Stefnt var að því að fjöldi vina yrði 300 fyrir árslok 2016 og aðeins vantar 10 vini til að standa við það. Gott væri að vinir yrðu 350 árið 2017.
- Langflestir lánþegar eru með virk netföng þannig að það er merkjanlegt að fjöldi skila eykst þá daga sem viðvörðun um vanskil fer út. Átak er nú í gangi að setja netföng forráðamanna á upplýsingar um börn á grunnskólaaldri.

Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni.

Þar sem núverandi forstöðumaður lætur af störfum um næstu áramót verður að líta á það sem hér fer á eftir sem persónulegar ábendingar hans en ekki fastmótaða stefnu starfsfólks bókasafnsins.

- Það er orðið brýnt að endurskipuleggja rými bókasafnsins og gera safnkostinn aðgengilegri með breyttum áherslum. Minna af bókahillum, meira af aðstöðu fyrir gesti. Leikritasafn sem er í glerskáp á besta stað í safninu er alveg ofaukið þar og ætti að vera í herbergi ásamt öðrum bókum úr Björgúlfssafni. Í staðinn kæmi lesborð og betri aðstaða fyrir upplýsingamiðstöð.

Lykiltölur

	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016*
Starfsmannafjöldi	2	2	2	2	3	3	3	3
Stöðugildi	1,35	1,35	1,35	1,35	2,0	1,25	1,25	1,25
Meðalstarfsaldur á starfsstað	5	6	7	3,5	<1	4	>5	6
Heildarstærð húsnæðis fm	232fm	293fm	293fm	293fm	294fm	294fm	294fm	294fm
Fjöldi tölva (5 ára og yngri)	2	2	0	1	1	2	2	3
Meðalfjöldi veikindadaga starfsfólks	2,5	7,5	0	2	2	2	2	2
Hlutfall starfsmanna sem fór í starfsþróunarsamtal	0%	100%	100%	100%	0%	100%	100%	75%
Frávik frá fjárhagsáætlun	107,1%	97,8%	97,3%	98,5%	103,9%	99,6%	99,8%	64,9%
Fjöldi umsókna um styrki	0	1	1	1	1	2	2	1
Fjöldi fenginna styrkja	0	0	1	1	0	1	0	0
Fjöldi útlána á bókasafni	14512	14951	15126	13881	15990	18266	17178	9918
Fjöldi virkra lánþega		339	398	440	544	586	768	742
Fjöldi opnunardaga á safni	246	253	160	240	289	288	286	170
Fjöldi bóka/gripa sem safninu hefur verið fært á árinu.	*	636	20	46	96	91	152	109
Fjöldi tengdra titla umfram grisjun	902	1089	1048	1101	1773	823	820	- 179
Fjöldi keyþra titla				501	560	561	817	330
Fjöldi skráðra bóka/muna	20300	22635	24213	25314	27076	29276	30096	29917
Fjöldi auglýstra viðburða á safni	14	22	7	16	15	32	34	17
Fjöldi samvinnuverkefna við önnur söfn eða stofnanir	1	1	1	2	3	3	5	4
Fjöldi samvinnuverkefna við stofnanir sveitarfélagsins	4	4	4	5	5	6	8	5

* m.v. 1. ágúst. 2016

Héraðsskjalasafn

Leiðarljós

Héraðsskjalasafn Svarfdæla varðveitir hluta af menningu þeirra sem búa í byggðarlaginu. Þar er arfur fyrri kynslóða geymdur og fær þá meðferð sem við á.

Hlutverk

Héraðsskjalasafnið annast söfnun, innheimtu og varðveislu skjala frá afhendingarskyldum aðilum, þ.e. embættum, stofnunum og félögum í Dalvíkurbyggð skv. lögum um opinber skjalasöfn frá 2014. Jafnframt fer fram söfnun skjala einstaklinga og félagasamtaka auk ljósmynda, hljóð- og myndrita, sem varða sögu sveitarfélagsins eða íbúa þess á einhvern hátt.

Meginverkefni safnsins er að annast söfnun á rituðum bókum, skjölum, ljósmyndum og öðrum sögulegum heimildum úr Dalvíkurbyggð.

(Úr reglugerð fyrir Héraðsskjalasafn Svarfdæla í Dalvíkurbyggð)



Helstu verkefni 2017

- Nú þegar húsnæði safnsins hefur tekið stakkaskiptum með tilkomu þéttiskápa og aðstaða hefur öll stórbatnað er mikilvægt að kynna safnið sem vettvang og vinnuástöðu fyrir fræðimenn.
- Skoða þarf umfang og kostnað við gerð heimasíðu fyrir safnið þar sem gert er ráð fyrir miðlun safnkosts, s.s. einkaskjölum, ljósmyndasafni, listaverkasafni o.fl.
- Mikilvægt er að halda áfram vinnu með áhugahópi um gamlar ljósmyndir.
- Gera þarf ráð fyrir vinnu í tengslum við skjalavistunaráætlanir stofnana sveiterfélagsins.
- Kynningarstarf um safnið er nauðsynlegt til að hvetja íbúa til að afhenda gögn sem snerta sögu sveitarfélagsins. Mikilvægast er að varðveita og safna gömlum fundargerðarbókum og ljósmyndum t.d. úr félagsstarfi.
- Vinna þarf að því að gera listaverkasafnið sýnilegra.
- Halda áfram að vinna með vísnavefinn Harald og fá áhugafólk með í starfið.
- Undirbúa þarf vinnu við að mynda gömul skjöl í eigu safnsins og taka þátt í átaki Þjóðskjalasafnsins vegna þess. Sækja um styrk í febrúar.

Yfirlit yfir 2016

- Þéttiskápar sem lengi hefur verið beðið eftir voru settir upp í apríl. Starfsmenn *Rýmis* unnu það verk og eftir að skáparnar voru komnar upp var Kamila Piotrowska ráðin í vikutíma til að flytja öll skjölin og endurraða. Gömlu hillurnar voru teknar niður og nýtt skjalasafn formlega opnað 6. maí 2016.
- Ljósmyndahópur er áhugahópur um gamlar ljósmyndir. 10 – 12 manns mæta reglulega á miðvikudögum og greina ljósmyndir og grafa upp upplýsingar um þær. Verkefni hópsins frá janúar til maí voru ljósmyndir sem sýna sveitastörf. Á meðan unnið var að uppsetningu þéttiskápanna og frágangi skjalanna fluttist vinna hópsins í Árskógarskóla og þar mætti nýtt fólk og áhersla var á myndir frá Árskógsströnd. Hlé er gert á starfi hópsins yfir sumarið. Á haustönn verður unnið með myndir af viðburðum og hátíðahöldum í Dalvíkurbyggð.
- Ljósmyndasýningin var til sýnis alla opnunardaga safnsins frá 1. júní – 31. ágúst. Um 70 manns sáu sýninguna.
- Unnið var að því að raða listaverkasafninu þannig að auðvelt væri að finna myndirnar eftir skráningarblaði. Safnið er skráð í excelskjál og staðsetningar eru nú greinilegri en áður.



- Í júní fengu Ragnar Þóroddsson og Jón Baldvin Georgsson aðstöðu á safninu til að ljósmynda öll málverk Brimars sem varðveitt eru á listaverkasafninu.
- Í mars var sett upp sýning, í sýningarskáp safnsins, um sveitastörf og félagsstarfsemi bænda. Sýningin sýnir bæði skjöl og ljósmyndir auk nokkurra muna. Í september verður sett upp sýning sem tengist vinnu ljósmyndahópsins.
- Júlíus Kristjánsson og Ragnheiður Sigvaldadóttir afhentu safninu ljósmyndasafn sitt, alls 4500 ljósmyndir. Myndir þessar eru frá ýmsum ljósmyndurum og tengjast allar Dalvíkurbyggð á einhvern hátt. Unnið er nú að því að skanna þær inn til að skrásetja þær síðar.
- Lokið var við að ganga frá bréfasafni Dalvíkurbæjar frá 1994 – 1998. Einnig voru gögn sem fundust við frágang í millirými tekin til afhendingar. Þar má nefna gögn vegna Hafnasamlags Eyjafjarðar og gögn vegna málefnis framhaldsskóla og fullorðinsfræðslu.
- Lítið hefur verið unnið í vísnavefnum *Haraldi* eftir að starfsmaður sem sinnti því verkefni hætti störfum.



Innra starf

- Sigrún Árnadóttir nemandi í Menntaskólanum á Tröllaskaga var í starfspjálfun á skjalasafninu frá janúar fram í apríl. Hún tölvuskráði m.a. stóran hluta af sögu Ræktunarsambands Svarfdæla sem til er í handriti eftir Gest Vilhjálmsson bónda í Bakkagerði 50/1980.
- Forstöðumaður sótti fjarfund Þjóðskjalasafns og héraðsskjalavarða 28. apríl í húsnaði Símeypjar.
- Haustfundur Héraðsskjalavarða verður haldinn í Mosfellsbæ 6.-7. október. Forstöðumaður er skráður á þann fund.

Upplýsingaflæði

- Heimasíða fyrir safnið er mikilvægasta verkefni næsta árs. Vel þarf að vanda til verksins þar sem auknar kröfur eru sífelld gerðar til skjalasafna um miðlun safnkosts. Þar er miðlun ljósmynda og eldri skjala mikilvægust.
- Ársskýrsla safnsins sem gefin er út í mars þarf að berast Þjóðskjalasafni og Félagi héraðsskjalavarða. Hún birtist á heimasíðu félagsins svo og á heimasíðu safnsins sjálfs.
- Upplýsingar frá safninu og till kynningar um viðburði koma fram á fésbókarsíðu bókasafnsins, ekki er ásæða til að hafa sérstaka fésbókarsíðu fyrir skjalasafnið.
- Mikið samstarf er á milli héraðsskjalasafnanna og tekur safnið virkan þátt í hópum á fésbók.

- Einkaskjallasöfn eru skráð í sérstakan gagnabanka sem Þjóðskjallasafnið varðveitir og miðlar frá heimasíðu sinni. Um 80 einkaskjallasöfn sem varðveitt eru á safninu eru skráð í gagnasafnið.

Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni

- Gera þarf áætlun um endurnýjunar húsbúnaðar, borð og stóla. Meta þarf og fá fagfólk til ráðgjafar um hentug húsgögn.
- Að gera ljósmyndasafnið aðgengilegt á netinu þarf að verða forgangsverkefni næstu ára. Ennþá er kostnaður við það of mikill miðað við að nýta vefútgáfu *photostation-kerfið* sem notað er til að skrá en mikilvægt er að fylgjast með breytingum sem verða á því og eða snúa sér að öðru verkefni sem getur unnið með *photostation*.

Lykiltölur

	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016*
Starfsmannafjöldi	1	1	1	2	2	2	3	3
Stöðugildi	0,15	0,45	0,6	0,6	0,8	0,75	1,05	0,75
Meðalstarfsaldur á starfsstað	4	5	1	2	2	1,5	2	4
Heildarstærð húsnæðis fm	22fm	150fm	150fm	150fm	150fm	150fm	150fm	150 fm
Fjöldi tölva (5 ára og yngri)	1	1	0	0	1	2	3	3
Hlutfall starfsmanna sem fór í starfsþróunarsamtal	0	100%	0	100%	100%	100%	50%	50%
Frávik frá fjárhagsáætlun	86,3%	107,1%	91,6%	88,7%	96,2%	130,9%	116,8%	67,3%
Fjöldi umsókna um styrki	1	1	1	1	1	2	4	1
Fjöldi fenginna styrkja	1	0	1	1	0	1	2	0
Fjöldi opnunardaga á safni		48	43	68	117	156	103	87
Fjöldi afhendinga á árinu	36	30	102	28	47	43	67	57
Fjöldi beiðna um aðstoð/lán frá safni	10	75	50	50	58	42	64	41
Fjöldi auglýstra viðburða á safni	0	0	3	0	6	7	9	4
Fjöldi samvinnuverkefna við önnur söfn og stofnanir	1	1	5	2	4	3	3	3
Fjöldi samvinnuverkefna við stofnanir sveitarfélagsins				2	3	4	4	3

*m.v. 1. sept.2016

Víkurröst – frístundahús/Barna og unglíngastarf - félagsmiðstöð

Leiðarljós

Víkurröst frístundahús hefur það að leiðarljósi að standa fyrir faglegu starfi sem unnið er á vettvangi frítímans jafnframt því að veita samfellda þjónustu í góðri samvinnu við alla sem að henni koma. Lýðræði og jafnrétti eru ávallt höfð að leiðarljósi í starfinu. Frístundahúsið á að vera staður þar sem börnum og unglíngum gefst tækifæri í að þjálfa félagsfærni, styrkja sjálfsmynd og efla samfélagslega virkni. Skýr afstaða er tekin gegn allri neikvæðri hegðun svo sem fordómum og neyslu vímuefna.

Víkurröst hefur það að markmiði að vera staður þar sem íbúum sveitarfélagsins á öllum aldri býðst að nýta sér aðstöðu með verkefnum sem hafa jákvæð áhrif og efla félagsauð.

Hlutverk barna- og unglíngastarfs

Víkurröst er frístundahús á vegum Dalvíkurbyggðar. Aðalmarkhópur frístundahússins er ungt fólk á aldrinum 6 – 20 ára. Lykilhugtök í fagstarfi með börnum og unglíngum eru lýðræðisleg þátttaka, sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði, jafnrétti, samskiptafærni, gagnrýnin og skapandi hugsun.

Lýðræði er hugmyndafræði sem endurspeglar margt í fagstarfinu og tryggir áhrif barna og ungmenna á starfið. Jafnframt er mikilvægt að börn og unglíngar læri með skipulögðum hætti að velja sér viðfangsefni. Með því styrkjum við lýðræðisvitund og meðvitund um að allar okkar ákvarðanir hafa áhrif. Fjölbreytni í starfinu skiptir miklu máli svo að flestir finni eitthvað við sitt hæfi.

Helstu verkefni 2017

- Haldið áfram að vinna náið með náms- og starfsráðgjafa Dalvíkurskóla ásamt deildarstjóra unglíngastígs.
- Klúbbastarfi unglínga verður haldið áfram og það eflt. Einnig er í skoðun að setja saman klúbbastarf fyrir nemendur á miðstigi.
- Vinnufundir starfsmanna og íþróttá- og æskulýðsfulltrúa voru festir í sessi í fyrra með það að markmiði að efla faglegt starf. Sú vinna var mjög þörf og góð og mun halda áfram.
- Sóttir verða fastir viðburðir á vegum Samfés, s.s. Samfestingur, Stíll, söngkeppni og landsmót.
- Finna þarf nýjar og fleiri leiðir til að gera upplýsingar um starfsemi félagsmiðstöðvarinnar sýnilegra, bæði fyrir notendur og foreldra. Hafa þarf í huga íbúa af erlendum uppruna og að miðla upplýsingum um starfsemina á fleiri en einu tungumáli. Nota þarf mannauð félagsmiðstöðvar til frekari hugmyndavinnu, bæði með starfsfólki og ungmennum.
- Haldið áfram að styrkja starfsemi ungmennaráðs og unnið markvisst með ungmennalýðræði í félagsmiðstöðinni.

- Kosningar á nýju ungmennaráði. Haldið verður ungmennaping á árinu þar sem ungmennum gefst kost á að bjóða sig fram til ungmennaráðs.
- Nemendaráð félagsmiðstöðvar er hryggsúla félagsmiðstöðvar og mikilvægt að þjálfa þá einstaklinga sem þar sitja í ungmennalýðræði með kynningum og handleiðslu. Mikilvægt er að þessir nemendur fái tækifæri á að kynnast öðrum stöðum þar sem ungmennalýðræði er viðhaft.
- Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi mun sitja námskeið og sækja þá endurmenntun sem hann og sviðsstjóri fræðslu- og menningarmála telja þörf á hverju sinni.
- 16+ starfið hefur lítið stækkað frá árinu 2012 þegar það hófst. Fastur, fámennur hópur mætir flesta fimmtudaga og þar með er það nánast upptalið. Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi ásamt ungmennaráði Dalvíkurbyggðar mun leita leiða til að stækka þennan hóp.
- Fylgja þarf eftir skráningum í ÆskuRækt og hvort íþróttafélögin eru að láta alla skrá sig í gegnum ÆskuRækt.
- Unnið verður með *líðan* íbúa Dalvíkurbyggðar en hún er þema ársins 2017 í verkefninu *Heilsueflandi samfélag*.
- Hvetja þarf félögin til að vera duglegri að láta alla skrá sig í gegnum ÆskuRækt eða a.m.k. að passa upp á að þeir sem ekki gera það sjálfir verði skráðir.
- Undirbúa þarf flutning tónlistarskólans í húsnæði Víkurrastar árið 2017.

Yfirlit yfir 2016

- Áfram var unnið náið með náms- og starfsráðgjafa Dalvíkurskóla ásamt deildarstjóra unglingsstígs.



- Sex ungmenni úr Ungmennaráði Dalvíkurbyggðar, ásamt sviðsstjóra fræðsluviðs, sóttu ráðstefnu sem haldin var í Lundi í Svíþjóð í júní síðast liðnum.
- Forstöðumaður Víkurrastar sá í sumar um leikjanámskeið á vegum Dalvíkurbyggðar.
- Farið var á alla helstu viðburði á vegum Samfés. Mæting unglinga var

undantekningarlaust mjög góð og kom aldrei neitt stórmál upp í öllum þessum ferðum.

- Vinnufundir með starfsmönnum félagsmiðstöðvar og íþrótt- og æskulýðsfulltrúa voru haldnir tvisvar sinnum í mánuði yfir vetrartímam. Einnig hittust forstöðumaður og íþrótt- og æskulýðsfulltrúi reglulega og fóru yfir stöðu mála.
- ÆskuRæktin er farin að rúlla mjög vel án allra tæknilegra vandamála. Áhyggjuefni er hins vegar hversu lítil skráning er í ÆskuRæktina.

- Opnunartími félagsmiðsvöðvar var aukinn fyrir unglinga í 8.-10. bekk. Í stað þess að hafa opið annan hvern föstudag, eins og áður var, var opið alla föstudaga síðast liðinn vetur án aukins kostnaðar. Eins og áður var opið fyrir unglíngastig alla mánu- daga og miðvikudaga.
- Í samstarfi við Árskógarskóla var félagsmiðstöð opin í Árskógi einu sinni í mánuði yfir vetrartímam.
- Yngsta stig og miðstig Dalvíkurskóla voru með fastan opnunartíma yfir vetrartímam. Yngsta stigið einu sinni í mánuði og miðstig þrisvar sinnum í mánuði.
- Öll fimmtudagskvöld síðast liðinn vetur var opið fyrir ungmenni 16-20 ára.
- Forstöðumaður Víkurrastar sat fund með nemendaráði einu sinni í viku yfir vetrartímam.
- Tækjakostur Víkurrastar var tekinn í gegn síðast liðinn vetur. Nýtt hljóðkerfi, sjónvarp, tölvuleikir og spil voru keypt.
- Klúbbastarf var með minna móti fyrri part árs, en tækifæri er til að gera betur að hausti.



Innra starf

- Starfsmannafundir eru haldnir eftir þörfum þar sem farið er yfir helstu verkefni.
- Starfsmenn í hlutastarfi fá sína þjálfun að mestu í gegnum handleiðslu íþrótt- og æskulýðsfulltrúa.
- Samráðsfundir starfsmanna og íþrótt- og æskulýðsfulltrúa haldnir hálfsmánaðarlega.
- Allt starfsfólk mun temja sér áherslur Uppbyggingarstefnunnar og hugsanlega sækja námskeið um slíkt. Uppbyggingarstefnan skal rædd a.m.k. tvisvar á ári á vinnufundum starfsmanna.
- Víkurröst tekur þátt í verkefninu *Heilsueflandi samfélag* með því að skipuleggja viðburði og námskeið sem taka mið af áherslupætti hvers árs.



Upplýsingaflæði

- Upplýsingaflæði til unglinga og ungmenna er aðallega með rafrænum hætti og þá að mestu leyti í gegnum facebook eða smáskilaboð. Einnig kemur íþrótt- og æskulýðsfulltrúi reglulega í Dalvíkurskóla og kynnrir nemendum og kennurum dagskrá mánaðarins og hvað er framundan.
- Nemendaráð er einnig mikið notað til að kynna hvað er framundan í félagsmiðstöðinni.
- Upplýsingar til foreldra fara að mestu leyti í gegnum tölvupósta eða síma.

- Haldið verður áfram með að koma upplýsingum til foreldra þegar börn og unglingar standa sig vel sem og að flytja jákvæðar fréttir af starfinu í félagsmiðstöðinni.
- Upplýsingum er miðlað til starfsmanna með tölvupóstum, fundum og símtölum.
- Samstarfið milli Dalvíkurskóla og félagsmiðstöðvar er mjög gott. Áfram verður fundað með námsráðgjafa og skólastjórnendum yfir veturinn í tengslum við unglíngastig. Stefnt skal að því að fundirnir verði ekki færri en tveir fyrir áramót og tveir eftir áramót.
- Samstarf er einnig gott við Árskógarskóla og Dalvíkurskóla er varðar yngri deildir, en starfsemin er minni og með öðru sniði þar og því ekki jafn mikil þörf á fundum og samskiptum.

Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni

- Huga þarf að almennu viðhaldi á Víkurröst. Mála inni og laga til dæmis stétt við inngang.
- Forstöðumaður Víkurrastar telur að kaupa þurfi nýja leikjatölvu. Einnig er pool borðið orðið gamalt og slitið.

Lykiltölur

	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016*
Starfsmannafjöldi		2	2	3	2	3	4
Stöðugildi	1,2	1,3	1,3	1,5	1,4	1,5	1,5
Meðalstarfsaldur			1	2	3	4	5
Fjöldi tölva 5 ára			1	2	2	1	2
Meðalfjöldi veikindaga starfsfólks			0	7	0	0	2
Hlutfall starfsfólks sem fór í starfsþróunarsamtal síðustu 18 mán.			50%	50%	50%	33%	100%
Hlutfall af fjárhagsáætlun			82,00%		99%	97,4%	75,9%
Fjöldi umsókna um styrki		4	0	1	3	2	3
Fjöldi fenginna styrkja		1	0		1	1	1
Fjöldi barna í sumarstarfi			40	30	50	46	54
Heimsóknir barna 6 - 9 ára				400	450	400	350
Heimsóknir barna 10 - 12 ára				550	550	500	350
Heimsóknir unglínga 13 - 16 ára				2350	2650	3050	2250
Heimsóknir 16-20 ára						150	200

*m.v. 1. sept 2016

Íþróttamiðstöð Dalvíkurbyggðar

Leiðarljós

Íþróttamiðstöð Dalvíkur á að vera leiðandi í að veita góða þjónustu fyrir alla íbúa sveitarfélagsins.


Íþróttamiðstöðin er staður þar sem hægt er að efla félagsauð í fjölbreyttri flóru fólks sem kemur saman til að stunda áhugamál sín. Mikilvægt er að gestir íþróttamiðstöðvar á öllum aldri finni jákvætt viðmót og að þeir séu velkomnir hvort sem það er til að taka sundsprett, lyfta lóðum, sparka bolta, vafra um á vefnum eða eiga spjall yfir kaffibolla.

Hlutverk

Íþróttamiðstöðin á að vera staður þar sem einstaklingar á öllum aldri geta fundið sér eitthvað við hæfi. Markhópur þjónustunnar eru börn og ungmenni á skólaaldri, íþróttafélög með æfingar, fullorðnir íþróttaiðkendur, heldri og eldri borgarar.

Leitast er við að veita fjölbreytta þjónustu sem tekur mið af þeirri aðstöðu sem íþróttamiðstöðin hefur upp á að bjóða með tækjasal, þreksal, íþróttasal, sundlaug og kaffiaðstöðu.

Íþróttamiðstöðin skal ávallt vera snyrtileg og þjónusta til fyrirmyndar.



Helstu verkefni 2017

- Endurbætur á sundlaugarsvæði og tæknirými eiga að fara fram í apríl. Gera má ráð fyrir lokun sundlaugar í allt að átta vikur á meðan framkvæmdir standa yfir. Því þarf að gera áætlun um með hvaða hætti verður hægt að veita gestum íþróttamiðstöðvarinnar þjónustu á meðan á framkvæmdunum stendur.
- Meta þarf þörfina fyrir opna líkamsræktartíma með hliðsjón af nýtingu þeirra.
- Endurnýja líkamsræktartæki samkvæmt endurnýjunaráætlun sem og búnað í íþróttasal.
- Halda námskeið um *Uppbyggingastefnuna* og *Olweusaráætlunina gegn einelti* í samstarfi við Dalvíkurskóla.
- Breyta notkun á rými þar sem ljósabekkur er staðsettur þegar hann verður fjarlægður í lok ársins 2016.
- Stefnt er á skoðunar/fræðsluferð innanlands með starfsfólk íþróttamiðstöðvar. Stefnan er sett á suðvesturhornið/Reykjanesið.

Yfirlit yfir 2016

- Endurbótum á sundlaug og tæknirými var frestað til ársins 2017.
- Nýtt framboð á líkamsrækt prófað, s.s. crossfit. Einnig leigði Heilsuþjálfun á Akureyri litla salinn frá áramótum til vors. Þar með jókst framboð á hreyfingu í húsinu og samhliða því fóru tekjur að skila sér inn fyrir salinn. Iðkendur þurfa ekki að eiga kort í þessa tíma, heldur greiða þessir aðilar leigu fyrir salinn.
- Allt fastráðið starfsfólk íþróttamiðstöðvar ásamt íþrótt- og æskulýðsfulltrúa fór í fræðslu- og skoðunarferð til Gautaborgar í mars á sýningu sem varðaði sundlaugar. Einnig var sundhöll í Kaupmannahöfn skoðuð í þeirri ferð.
- Áfram var unnið eftir endurnýjunaráætlun líkamsræktar og keypt voru þrjú ný tæki. Viðhaldsmálum íþróttamiðstöðvarinnar þarf að koma í betri farveg. Íþróttamiðstöðin er stórt mannvirki og þyrfti að hafa einhvern sem sinnir minni háttar viðhaldi í húsinu.

Innra starf

- Reglulegir starfsmannfundir, ekki færri en sjö á ári, gegna mikilvægu hlutverki í að meta stöðuna hverju sinni og eru nauðsynlegur þáttur í starfsþróun.
- Starfsfólk fær árlega fræðslu sem ætlast er til samkvæmt lögum, s.s. skyndihjálp og sundpróf.
- Mikilvægt að grunnskólar og íþróttamiðstöð séu samstíga og starfsfólk íþróttamiðstöðvar fái sambærilega fræðslu og starfsfólk grunnskóla hvað varðar t.d. *Uppbyggingarstefnu* og *Olweusaráætlunina*.
- Mikilvægt er að íþrótt- og æskulýðsfulltrúi hafi hluta af sinni viðveru í íþróttamiðstöðinni til að fá betri yfirsýn yfir starfsemina.
- Íþróttamiðstöðin heldur áfram að taka þátt í verkefninu *Heilsueflandi samfélag* með því að skipleggja námskeið fyrir sem breiðastan aldurshóp og notar *logo* verkefnisins í sínum auglýsingum.

Upplýsingaflæði

- Notendum íþróttamiðstöðvarinnar berast upplýsingar með ýmsum hætti, t.d. í gegnum samfélagsmiðla, heimasíður og með almennum auglýsingum. Einnig eru upplýsingaskjór í anddyri sem veita gestum upplýsingar á staðnum.
- Upplýsingar milli íþrótt- og æskulýðsfulltrúa og starfsmanna fara alla jafna fram með beinum samtölum en þó einnig með tölvupósti. Mikið hefur færst í aukana að nota lokaða facebook síðu starfsmanna og íþróttakennara.
- Tússtafla í eldhúsi gegnir einnig mikilvægu hlutverki í að koma skilaboðum á framfæri milli manna.
- Vaktaskipti eru notuð til almennrar upplýsingagjafar milli starfsmanna.
- Mikilvægt er að upplýsingaflæði milli skóla og íþróttamiðstöðvar sé ávallt gott og í föstum skorðum. Haldnir eru fundir með starfsfólki íþróttamiðstöðvar, íþrótt- og æskulýðsfulltrúa, íþróttakennurum og skólastjóra Dalvíkurskóla a.m.k. tvisvar á ári.

Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni

- Fyrir liggur að öllum áföngum í framkvæmdum á sundlaugarsvæðinu hefur verið frestað til ársins 2017. Allar þær endurbætur þarf að klára árið 2017.
- Huga þarf að endurnýjun girðingar umhverfis sundlaugarsvæðið.
- Vinna áfram eftir endurnýjunaráætlun fyrir líkamsræktartæki og búnað í íþróttasal.



Lykiltölur

	2012	2013	2014	2015	2016*
Starfsmannafjöldi	6	6	6	6	6
Stöðugildi	5	5,6	5,6	5,8	5,8
Meðalstarfsaldur	7	8	9	6	5
Fjöldi tölva 5 ára og yngri	1	1	1	1	1
Meðalfjöldi veikindaga starfsfólks	44	16	7,5	62	15*
Hlutfall starfsmanna sem fór í starfsþr.samtal	100%	100%	100%	100%	100%
Hlutfall af fjárhagsáætlun	98%	98%	97%	100,2%	90,5%
Fjöldi gesta í íþróttamiðstöðinni	51300	34000	53.158	55.233	38573*
Fjöldi eininga á tjaldsvæði		297	816	532	739*
Fjöldi eininga á tjaldsvæði á Fiskidag		300	334	315	

* m.v. 29. Ágúst 2016

Tjaldstæði Dalvíkur

Hlutverk

Tjaldsvæði Dalvíkur skal vera til fyrirmyndar, bjóða upp á góða aðstöðu og þjónustu við ferðamenn og gesti sem sækja Dalvíkurbyggð heim.

Helstu verkefni 2017

- Auka þarf afkastagetu og framboð á rafmagni í kringum Fiskidaginn mikla. Mikið álag er á þeim tenglum sem fyrir eru. Gerðar hafa verið tímabundnar ráðstafanir undanfarin þrjú ár. Mjög mikilvægt er að gera varanlegar ráðstafanir. Þetta þarf einnig að hafa í huga almennt á svæðinu, ekki bara þessa helgi, en þegar mikil aðsókn er yfir sumarið er oft þétt setið um rafmagnið.
- Ljúka þarf við útilýsingu á svæðinu.
- Bjóða á út reksturinn árið 2017. Það þyrfti að vera búið fyrir áramót, í allra síðasta lagi í byrjun árs.
- Passa þarf að frágangi eftir malbik við Svarfaðarbraut verði að fullu lokið við upphaf sumars 2017.

Yfirlit yfir 2016

- Ekki var varið í að auka framboð á rafmagni á svæðinu, til að geta annað stærri hluta af þeirri eftirspurn sem myndasta í kringum Fiskidag.
- Ekki var farið í að bæta útilýsingu á svæðinu.
- Samstarf var um starfsmannahald með upplýsingamiðstöð. Það hefur reynst vel og er báðum aðilum til hagsbóta.
- Kantur við Svarfaðarbraut var malbikaður í lok sumars 2016.

Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni

- Klára þarf að rafmagnsvæða svæðið með gesti Fiskidagsins sérstaklega í huga. Fjölga þarf tenglum. Þeir þurfa ekki allir að vera fastir, það má nota tengla sem hægt er að koma fyrir þegar fjöldi gesta verður mikill. Grunn raflagnir þarf að klára þannig að hægt sé að tengja slíkar töflur og þá einnig að fjárfesta í slíkum rafmagnstengitöflum.
- Taka þarf ákvörðun um hvort þak eigi að koma á þjónustuhús og koma fyrir lýsingu í kringum húsið. Í dag er engin lýsing á húsinu sjálfu.
- Malbika þarf veg að þjónustuhúsi og ganga frá í kringum hann. Einnig þarf að koma fyrir varanlegri lýsingu á þann veg.

Árskógur-félagsheimili

Hlutverk

Árskógur þjónustar Árskógarskóla yfir vetrartímann með útleigu á eldhúsaðstöðu, matsal, íþróttasal og sundlaug. Útleiga á félagsheimili er hluti af rekstrinum allt árið en þar fara fram ýmsir fundir, markaðir, ættarmót, brúðkaup o.fl.

Helstu verkefni 2017

- Kanna þarf hvort reksturinn fari betur saman með rekstri Árskógarskóla, sem er með mestu nýtinguna á húsinu í dag.
- Nú, þegar endurnýjun á stólum er lokið, þarf að huga að því að endurnýja borð.

Yfirlit yfir 2016

- Keyptir voru nýir stólar í félagsheimilið. Samtals 261 stóll.
- Starfsemin var með minna móti, einungis tvö ættarmót yfir sumarið og lítil útleiga fyrri hluta árs.
- Hefðbundin starfsemi. Skólaíþróttir, sund og mótuneyti.

Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni

- Viðhald þarf að fara fram á girðingu og svæði í kringum sundlaugina sem og endurnýjun á sundlaugarbúnaði.
- Undirbúningur að því að fjarlægja gamla skúrinn sem stendur við félagsheimilið.

Vinnuskóli

Hlutverk

Vinnuskólinn er bæði vinna og skóli, félagslega skapandi vinnustaður, með kennslu í almennri vinnuskólavinnu og skýrar reglur varðandi vinnuumhverfi. Nemendur vinnuskólans starfa við almenn verkefni sem lúta að umhirðu og snyrtingu byggðarlagsins. Vinnuskólinn mun verða í góðu samstarfi við fyrirtæki í byggðarlaginu og stofnanir sveitarfélagsins þegar kemur að verkefnavali. Auk þess fá unglingar í vinnuskólanum starfsþjálfun á ýmsum stofnunum og jafnvel fyrirtækjum sveitarfélagsins.

Vinnuskólinn sinnir vinnuuppeldi. Til þess að geta sinnt því sem best þarf að gera miklar kröfur til hæfni leiðbeinenda / flokksstjóra og um þjálfun þeirra. Mikilvægt er að þeir þekki unglingana vel og hafi reynslu af vinnu með ungmennum. Mikilvægt er að tengsl við foreldra og forráðamenn unglinganna séu ætíð góð. Vinnuskólinn getur verið góð fyrirmynd og miðlað þekkingu fyrir aðrar stofnanir sveitarfélagsins.

Helstu verkefni 2017

- Halda áfram að þróa starfsþjálfun nemenda í samvinnu við stofnanir og fyrirtæki í Dalvíkurbyggð.
- Efla samskipti og samstarf við félagsþjónustu vegna fatlaðrar nemenda vinnuskólans. Koma þarf á samráðsfundi með öllum flokksstjórum og fulltrúum félagsþjónustu áður en nemendur koma til starfa.

Yfirlit yfir 2016

- Haldið var áfram að þróa starfsemina. Þetta er þriðja sumarið eftir að vinnuskólinn var færður yfir á fræðslu- og menningarsvið.
- Allir flokksstjórar sóttu námskeið hjá SÍMEY sem er sérsniðið að starfsemi vinnuskóla.
- Samstarf um starfsþjálfun hjá stofnunum og íþróttafélögum. Þróunarvinna hélt áfram.
- Flokksstjórar vinnuskóla sáu um framkvæmd á leiktækjum í Kirkjubrekku á 17. júní eins og árið áður og tókst mjög vel til.

Innra starf

- Fræðsla flokksstjóra er lykilþáttur í því að efla þá sem leiðbeinendur. Flokksstjórar miðla þeirri þekkingu áfram til nemenda. Allir flokksstjórar fara á námskeið sem haldið er í samstarfi við SÍMEY og er sérstaklega hannað fyrir þarfir flokksstjóra vinnuskóla. Þar er farið yfir skyndihjálp, líkamsbeitingu, ýmislegt er varðar líðan barna og hvernig unnið skal með börnum og unglingum sem og fagleg vinnubrögð við umhirðu og slátt.

Upplýsingaflæði

- Forstöðumaður vinnuskóla boðar alla nemendur í viðtal áður en þau hefja störf, þar sem forráðamanni er gefinn kostur á að vera með. Á þessum fundi er ákveðið með hvaða hætti sé best að eiga samskipti við nemendur og foreldra.
- Flokksstjórar halda samráðsfundi í byrjun og lok hvers vinnudags.

- *Facebook* er mikið notað til samskipta. Búnir voru til hópar, einn fyrir flokksstjóra og einn fyrir nemendur. Ef koma þarf upplýsingum á framfæri er alla jafna reynt að gera það á vinnutíma þannig að hægt sé að miðla upplýsingum beint til nemenda. Ef það er utan vinnutíma, er það yfirleitt gert í gegnum *Facebook*. Í einstaka tilfellum er hringt í nemendur.

Fjögurra ára áætlun – Breytingar á kostnaði/verkefni

Áfram þarf að leggja áherslu á að tæki og tól sem flokksstjórar og nemendur vinnuskólans nota séu í góðu lagi. Séu tæki mikið biluð dregur verulega úr framlegð vinnuskólans. Vinna undanfarinna ára er farin að skila sér í bættri aðstöðu og meiri framlegð sem og minni viðhaldskostnaði.

Lykiltölur

	2014	2015	2016
Fjöldi nemenda 10. bekkjar	9 (25%)	11 (23%)	13 (41%)
Fjöldi nemenda 9. bekkjar	27 (71%)	22 (47%)	14 (60%)
Fjöldi nemenda 8. bekkjar	24 (82%)	14 (30%)	17 (56%)
Fjöldi tölva 5 ára og yngri	1	1	1
Meðalfjöldi veikinda daga starfsfólks	x	1	2,5
Laun á klst 10. bekkur	619	638	682,37
Laun á klst 9. bekkur	516	532	568,97
Laun á klst 8. bekkur	447	460	491,97
Samtals vinnustundir 10. bekkur	325	325	325
Samtals vinnustundir 9. bekkur	135	140	140
Samtals vinnustundir 8. bekkur	90	87,5	87,5

Gildi fræðslu- og menningarsviðs

Á árinu 2013 voru gildi fræðslu- menningarog íþróttu og æskulýðssviðs unnin eins og fram kemur í inngangi sviðsstjóra en þau eru eftirtalin:

Virðing

- Við beitum virkri hlustun og sýnum skoðunum annarra skilning.
- Við berum virðingu fyrir störfum okkar og annarra.
- Við tökum tillit til mismunandi menningar og þarfa einstaklinga.
- Við göngum vel um umhverfið.
- Við erum fagleg og höldum trúnað.
- Við virðum ábyrgðarsvið fólks og þær ákvarðanir sem teknar eru.
- Við erum víðsýn og vörumst fordóma.
- Við förum vel með fjármagn og eigur sveitarfélagsins.

Jákvæðni

- Við höfum gleði að leiðarljósi.
- Við erum opin fyrir nýjum verkefnum og breytingum til bóta.
- Við hugsum lausnamiðað.
- Við stuðlum að starfsánægju okkar og annarra.
- Við erum hreinskiptin og beinum gagnrýni á rétta staði.
- Við hrósum fyrir það sem vel er gert.

Metnaður

- Við höfum trú á þeim einstaklingum sem við vinnum með.
- Við setjum okkur skýr, tímasett markmið og stefnur.
- Við sýnum frumkvæði og þjónustulund.
- Við rýnum til gagns.
- Við höfum metnað fyrir sveitarfélagið.
- Við tökum afstöðu og forðumst meðvirkni.

Abyrgðarmenn: Hlynur Sigursveinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og stjórnendur hverju sinni
Ritstjóri: Dóróþea Guðrún Reimarsdóttir
Myndir: Ýmsir aðilar innan stofnananna
Afgreitt í sveitarstjórn í október 2016
